FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

308. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 31. DESEMBER 2016




## Gleðilegt nýtt ár!

Fréttablaðið þakkar lesendum samfylgdina á gamla árinu og óskar landsmönnum velfarnaðar á nýju ári.



Völvan spáir í nýtt ár ➔24



Alin upp í Fellahverfi ➔22



Konan í Ísdalnum ➔16

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

LYFJA
– Lífið heil

20 ára

Gleðilegt nýtt ár

Opið í Lágmúla:
Gamlársdag kl. 8–18
Nýársdag kl. 10–24

Opið á Smáratorgi:
Gamlársdag kl. 8–18
Nýársdag kl. 9–24

lyfja.is

SMÁRALIND

OPIÐ 10–13 Í DAG
GLEÐILEGT NÝTT ÁR

## Veður




Í dag, gamlársdag, dregur mjög úr norðanáttinni og léttir víða til, en útlit er fyrir hið besta veður í kvöld. Talsvert frost verður um land allt. SJÁ SÍÐU 38



**Conor McGregor.** NORDICPHOTOS/GETTY

# McGregor að kaupa sig inn í Mjölni

**VIÐSKIPTI** Írski bardagameistarinn Conor McGregor hyggst kaupa 14 prósenta hlut í rekstrarfélagi bardagaíþróttastöðvarinnar Mjölnis sem senn flytur í húsnæði gömlu Keiluhallarinnar í Öskjuhlíð.

„Hann hefur mikinn áhuga á að kaupa hlut í Mjölni,“ segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður stjórnar Mjölnis og annar stærstu eigenda rekstrarfélagsins, en hinn er bardagakappinn Gunnar Nelson. Aðrir minni eigendur eru faðir Gunnars, Haraldur Dean Nelson, Bjarni Baldursson og Árni Þór Jónsson.

„Það á að auka hlutafé í Mjölni til að hjálpa okkur við að starta Mjölni í Öskjuhlíð. Þetta er mikil stækkun og kostnaðarsöm og hann vildi hjálpa með það og eiga hlut í þessu,“ segir Jón Viðar sem kveður þó ekkert endanlega frágengið.

„En við erum í samskiptum við þá sem sjá um fjármálin hans Conors. Hann er búinn að lýsa því nokkrum sinnum yfir að hann vilji kaupa,“ segir Jón Viðar sem vonast til að viðskiptunum verði lokið í byrjun janúar. „Að hann eigi hlut í Mjölni er alveg gríðarleg auglýsing fyrir okkur erlendis upp á að fá útlendinga til að æfa hjá okkur.“

Conor hefur sjálfur æft mikið hjá Mjölni. „Áður en hann varð frægur þá kom hann í Mjölni og átti engan pening og við vorum að lána honum fyrir samlokum,“ rifjar formaður Mjölnis upp. – **gar**

## Örtröð á Hakinu



**Margmenni var á Hakinu á Þingvöllum í gær. Fjöldinn þar og við Gullfoss og Geysi var eins og mest gerist um sumar. Fjölgun erlendra ferðamanna frá 2015 til 2016 var sú mesta frá því skráningar hófust. Í fyrra komu 1.256 þúsund ferðamenn á móti nærri 1,8 milljónum í ár og er það um fjórutíu prósenta aukning. Með því er slegið yfir sextíu ára gamalt met. Árið 1954 komu 6.800 ferðamenn til landsins en 9.500 ári seinna.** MYND/KÁRI JÓNASSON



**Yfir 1.630 kirkjur og kapellur eru í Noregi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

# Kirkjur fyrir fleira en messur

**NOREGUR** Um 37 prósent Norðmanna eru sátt við að kirkjur verði notaðar til annars en kirkjulegra athafna, að því er könnun blaðsins Vårt land sýnir. 56 prósent telja það slæma eða mjög slæma hugmynd og eru konur frekar á þeirri skoðun.

Vårt land segir að víða í Evrópu séu gamlar kirkjur notaðar til ýmiss konar starfsemi. Í Englandi séu þær orðnar að sirkusskólum og farfuglaheimilum. Í Hollandi sé stórmarkaður, blómabúð, fataverslun og bókabúð í gömlum kirkjubyggingum. Í Dublin á Írlandi hafi kirkju verið breytt í veitingastað, bar og næturklúbb. – **ibs**

# Ráðherraskipan eigi að endurspegla þingstyrk

**Formaður Viðreisnar reiknar með að ráðherraskipan endurspegli stærð þingflokka. Samkomulag um myndun ríkisstjórnar sé líklegra en áður. Formaður Sjálfstæðisflokksins leiðir formlegar viðræður flokkanna og Bjartrar framtíðar.**

**STJÓRNMÁL** Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar, er hóflega bjartsýnn á að myndun ríkisstjórnar með Sjálfstæðisflokki og Bjartri framtíð takist í þetta skiptið. Áður höfðu viðræður farið út um þúfur.

„Maður reynir þó að vera raunsær líka. Þetta er ekki búið fyrr en þetta er búið,“ segir Benedikt.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, fékk í gær formlegt umboð til ríkisstjórnarmyndunar og taka nú formlegar stjórnarmyndunarviðræður Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar við. Á blaðamannafundi á Bessastöðum sagði Bjarni gert ráð fyrir því að hann yrði forsætisráðherra ríkisstjórnarinnar ef myndun hennar tækist.

Þá sagði Bjarni viðræðurnar komnar lengra en síðast er flokkarnir áttu í formlegum viðræðum. Einnig væru viðræður um sjávarútvegs- og Evrópumál langt komnar.

„Ég held við getum náð ásættanlegri lendingu í þeim málum. Við erum enn að vinna að þessu en erum búin að tala okkur í gegnum það sem helst hefur strandað á til þessa. Við teljum að þar sé kannski komin sú lending sem dugir,“ segir Benedikt sem kveður betur ganga núna vegna aukins samstarfsvilja.

„Svo er þetta búið að ganga í tvo mánuði eins og allir vita og menn eru kannski búnir að sjá að aðrir kostir virðast ekki ganga upp.“

Benedikt kveðst sáttur við að Bjarni verði forsætisráðherra. Annað hafi ekki komið til tals að þessu sinni.

Varðandi önnur ráðherraembætti segir Benedikt að sú umræða sé stutt á veg komin. Engin ákvörðun liggi fyrir um að fjölga eða fækka ráðherraembættum.

„Við höfum rætt skipan stjórnarráðsins almennt en ekki tekið neina ákvörðun í því. Það hafa verið gerðar breytingar á undanförnum árum og við höfum velt því fyrir okkur hvernig þetta sé haganlegast gert.“

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins er mun stærri en hinna flokkanna, með 21 þingmann. Viðreisn er með sjö þingmenn og Björt framtíð fjóra.

„Ég reikna með því að stærð flokkanna muni nú eitthvað endurspeglast í fjölda ráðherra en kannski ekki að öllu leyti,“ segir Benedikt.

**thorgnyr@frettabladid.is**



**Bjarni Benediktsson er hann kom á fund forseta í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Ég reikna með því að stærð flokkanna muni nú eitthvað endurspeglast í fjölda ráðherra en kannski ekki að öllu leyti.**



Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar




Gleðilegt nýtt ár
Hvernig verða hefðir til og hvernig öðlast einfaldir hlutir sjálfstætt líf? Á gamlárskvöldi einu stuttu eftir seinna stríð kveikti fjölskylda nokkur lítið bál neðan við heimili sitt.
Tæpum sjötíu árum síðar logar brenna enn um hver áramót á sama túnblettinum og er ómissandi þáttur í hátíðarhöldum hjá fjölda fólks í hverfinu.
Lestu sögu áramótabrennunnar í Laugardalnum á landsbankinn.is/aramot.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

**TÖLUR VIKUNNAR** 25.12.2016 TIL 31.12.2016

**43 tegundir** af **jólabjór** voru í boði fyrir bjórþyrsta þessi jólin.

**130 manns**, eða þar um bil, voru í meðferð á sjúkrahúsum **SÁÁ** yfir jólin.

**826** voru á biðlista eftir félagslegu **leiguhúsnæði** í Reykjavík í lok september, þar af 612 í mikilli þörf.

**12** flugvélar voru í flota **WOW air** árið 2016.

**40.000 gestir** hafa sótt safnið **Eldheima** í Vestmannaeyjum á þessu ári.

**547** virk leigubílaleyfi voru á Íslandi 2015 – 10 fleiri en árið 2008. Á þeim tíma hefur fjöldi ferðamanna þrefaldast.

**11 ár,** rétt tæplega, eru síðan hljómsveitin **Retro Stefson** var stofnuð.

**39%** styrking varð á gengi krónunnar gagnvart pundi 2016.

## Þrjú í fréttum
### Íþróttahetja, sálgæsla og frægir

**Gylfi Þór Sigurðsson**
*knattspyrnumaður*



var valinn Íþróttamaður ársins af Samtökum íþróttafréttamanna. Hann var einnig valinn Íþróttamaður ársins 2013 og sagði það enn skemmtilegra og sætara nú. Gylfi sagði sumarið í Frakklandi með landsliðinu nokkuð sem hann myndi aldrei gleyma. Það hefði verið frábær tími. Menn hefðu samt ekki áttað sig á hversu stórt og mikið afrek þetta var á meðan á mótinu stóð.

**Vigfús Bjarni Albertsson**
*sjúkrahúsprestur*



á Landspítalanum, sagði að það sem af væri þessu ári hefði orðið um 20 prósenta aukning í sálgæslusamtölum frá árinu í fyrra. Sex sjúkrahúsprestar eru í fullu starfi á Landspítalanum. Prestarnir sex hefðu átt 1.400 samtöl við einstaklinga, 1.200 samtöl við fjölskyldur og svo væru um eitt þúsund samtöl í eftirfylgd. Í desember hefði verið gríðarlega mikið af fjölskyldufundum.

**Birgitta Jónsdóttir**
*þingflokksformaður Pírata*



var tilnefnd sem stjórnmálapersóna ársins hjá þýska vefmiðlinum Spiegel Online. Lesendur miðilsins geta valið úr 25 einstaklingum sem taldir eru hafa haft ótvíræð áhrif í stjórnmálum á árinu og er Birgitta þar á meðal, auk Obama, Pútíns og Hillary Clinton.

# Brunavarnir á Kumbaravogi í ólestri og úrbótum ekki sinnt

**Þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir við aðstæður á hjúkrunarheimilinu var ekki brugðist við. Framkvæmdastjóri Kumbaravogs bar fyrir sig fjárskort en tjáir sig ekki um málið. Hlutfall faglærðra starfsmanna er aðeins helmingur þess sem landlæknir miðar við og langt undir lágmarki þess sem þarf af öryggissjónarmiðum.**

**FÉLAGSMÁL** „Ég hef ekkert um þetta mál að segja ennþá,“ segir Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri dvalar- og hjúkrunarheimilisins Kumbaravogs á Stokkseyri.

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra ákvað í fyrradag að loka hjúkrunarheimilinu í samræmi við tillögu Embættis landlæknis.

Í tilkynningu um lokun hjúkrunarheimilisins frá heilbrigðisráðherra segir að Embætti landlæknis telji fullreynt að knýja fram úrbætur. Öryggi sjúklinga sé stefnt í hættu.

„Ástandið hefur lítið batnað frá því að við gerðum úttektina árið 2012. Rekstraraðilinn hefur borið fyrir sig við okkur að hann hafi ekki fengið nægilegt fjármagn til þess að bæta úr aðstöðunni,“ segir Anna Björg Aradóttir, sviðsstjóri hjá Embætti landlæknis.

Þrisvar á síðustu árum hefur landlæknir gert úttekt á hjúkrunarheimilinu og gert alvarlegar athugasemdir sem snúa helst að aðbúnaði íbúa heimilisins, mönnun og fleira sem uppfyllir ekki kröfur embættisins um þjónustu hjúkrunarheimila.

Samkvæmt úttekt í fyrra er hlutfall faglærðra starfsmanna á Kumbaravogi við hjúkrun og umönnun aðeins 39,1 prósent. Landlæknir miðar hins vegar við að hlutfallið eigi að vera 77,87 prósent og að lágmarki 57,14 prósent til að tryggja öryggi þjónustunnar.

Töluverðar athugasemdir voru gerðar við húsnæði heimilisins í úttektinni 2012 en lítið sem ekkert var gert í þeim málum þrátt fyrir margítrekaðar ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Viðhaldi húsnæðisins hafi ekki verið sinnt, það rigni og blási inn um óþétta glugga og íbúar hafi kvartað töluvert yfir kulda í húsnæðinu vegna þess að margir ofnar í húsinu séu bilaðir og ekki sé hirt um að lagfæra þá eða endurnýja.

Þá hangi pípu- og raflagnir niður úr loftum, húsgögn og innréttingar séu úr sér gengin, flest rúm íbúanna séu yfir þrjátíu ára gömul og rúmfatnaður hafi ekki verið endurnýjaður í mög ár.

Einnig kemur fram að lítið hafi verið unnið í gæða- og öryggismálum, meðal annars brunavörnum, frá því að úttektin frá árinu 2012 var unnin.

„Ef til þess kemur að rýma þarf húsið þá er illmögulegt að koma rúmum út um þær einu dyr sem eru nógu stórar, bæði er að hurð er biluð og ekki hægt að opna með góðu móti, auk þess sem það er nokkuð hár stallur niður á jörðina fyrir utan,“ segir í úttektinni.

Íbúar á Kumbaravogi eru 29 talsins og unnið er í samráði við þá og aðstandendur þeirra að því að finna þeim ný og viðunandi búsetuúrræði. Áætlað er að síðustu íbúar Kumbaravogs flytji þaðan eigi síðar en 31. mars næstkomandi.

**thorgeirh@frettabladid.is**



**Embætti landlæknis telur fullreynt að knýja fram úrbætur og að öryggi sjúklinga sé stefnt í hættu á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi. Heilbrigðisráðherra ákvað að loka heimilinu.** MYND/JÁ.IS

> **Ef til þess kemur að rýma þarf húsið þá er illmögulegt að koma rúmum út um þær einu dyr sem eru nógu stórar, bæði er að hurð er biluð og ekki hægt að opna með góðu móti, auk þess sem það er nokkuð hár stallur niður á jörðina fyrir utan.**
>
> Úr úttekt landlæknis á Kumbaravogi

## Stefna forstjóra vegna sölu á Borgun

**DÓMSMÁL** Landsbankinn hefur stefnt Borgun hf., Hauki Oddssyni, forstjóra Borgunar, BPS ehf. og Eignarhaldsfélaginu Borgun slf. Tveir síðastnefndu aðilarnir eru hluthafar í Borgun.

Málið tengist sölu á 31,2 prósenta hlut Landsbankans í Borgun í nóvember 2014.

Í tilkynningu frá bankanum segir að málið sé höfðað til viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefndu. Bankinn telji sig hafa orðið af söluhagnaði við sölu á hlut sínum í Borgun.

„Bankinn fékk ekki upplýsingar sem stefndu bjuggu yfir um að Borgun hf. ætti hlut í Visa Europe Ltd. og réttindi sem fylgdu hlutnum, þ. á m. mögulega hlutdeild í söluhagnaði Visa Europe Ltd. við nýtingu sölaréttar í valréttarsamningi Visa Inc. og Visa Europe Ltd.“

Bæði Landsbankinn og Borgun höfnuðu ósk Fréttablaðsins um afrit af stefnunni. **– jhh**




**Salan á Borgun vakti reiði í samfélaginu og var efnt til mótmæla við Landsbankann.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LYFJA – Lífið heil

Lægra verð í Lyfju

lyfja.is

Áramótatilboð

15% afsláttur af 210 stk. Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi



● Allar bragðtegundir
● 2 mg og 4 mg

Gildir til 21. jan 2017


Hátíðarkveðja
Gömul þjóðtrú hermir að á nýársnótt fái kýrnar mál og tali saman þar til dagur rennur. Ekki er samt ráðlegt að reyna að liggja á hleri, enda verðskuldar íslenska mjólkurkýrin alla okkar virðingu.
Fyrir þeirra hönd óskar Mjólkursamsalan og eigendur hennar, íslenskir kúabændur, landsmönnum öllum gleðilegs árs og þakkar fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.
Emma Dís Örvarsdóttir í heimsókn hjá ömmu og afa á Reykjum á Skeiðum, með nýborna kálfinn Soffíu.

# Fyrir neðan allar hellur

**SAMFÉLAGSMÁL** „Okkur þykir þessi framkvæmd fyrir neðan allar hellur,“ segir Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, um það að Ferðaþjónusta fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu hætti akstri klukkan þrjú í dag, gamlársdag.

Strætó segir hins vegar að verklagið um þessi jól sé ekki frábrugðið því sem verið hafi. „Akstur á aðfangadag og gamlársdag er miðaður við að síðustu farþegar fari um borð klukkan 15.00. Eftir þann tíma er farþegum vísað á leigubifreiðastöðvar eins og öðrum farþegum almenningssamgangna,“ segir Erlendur Pálsson, upplýsingafulltrúi Strætó.

Í þjónustulýsingu fyrir Ferðaþjónustu fatlaðra segir að akstur á stórhátíðardögum sé eins og á sunnudögum eða frá 11 að morgni til miðnættis. Strætó segir þá klásúlu ekki eiga við um aðfangadag og gamlársdag.

„Í raun er Ferðaþjónusta fatlaðra haldreipi margra fatlaðra til að verjast einangrun og margir stóla á þessa þjónustu. Það er því mjög leiðinlegt ef einhverjir þurfa að sitja heima og komast ekki leiðar sinnar um áramótin,“ segir formaður Sjálfsbjargar. **– sa**

**Í raun er Ferðaþjónusta fatlaðra haldreipi margra fatlaðra til að verjast einangrun.**

Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar

## Mótmæli í Aleppo



**Hópur fólks kom saman í Aleppo í gær til að mótmæla Bashar al Assad forseta og ríkisstjórn hans, fáum dögum eftir að stjórnarhernum tókst að hrekja uppreisnarmenn frá austurhluta borgarinnar. Þrátt fyrir yfirlýst vopnahlé brutust út átök sums staðar í landinu í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

# Pútín situr á sér og bíður eftir Trump

Svarar ekki í sömu mynt heldur býður öllum börnum bandarískra erindreka í Moskvu í áramótagleðskap. Segir refsiaðgerðirnar, sem Obama Bandaríkjaforseti kynnti á fimmtudag, ganga gegn hagsmunum beggja ríkjanna. Trump kynnir sér gögn alríkislögreglunnar.

**BANDARÍKIN** Þegar Donald Trump tekur við forsetaembætti Bandaríkjanna þarf hann að taka afstöðu til þess hvort hann vilji halda áfram refsiaðgerðum gegn Rússum, sem Barack Obama kynnti vegna inngripa rússneskra tölvuþrjóta í bandarísku kosningabaráttuna.

Trump hefur hingað til ekki gert mikið úr ásökunum á hendur Rússum, sem hafi unnið gegn Hillary Clinton í kosningabaráttunni. Mikilvægara sé að horfa fram á við.

Nú segist Trump ætla að kynna sér þau gögn sem bandaríska alríkislögreglan FBI hefur lagt fram, þar sem fullyrt er að tölvuþrjótarnir hafi verið rússneskir og með tengsl við rússnesku leyniþjónustuna.

Obama ákvað að vísa 35 rússneskum stjórnarerindrekum úr landi. Sergei Lavrov utanríkisráðherra lagði síðan til að Rússar myndu svara í sömu mynt. Þeir geti ekki látið „móðgunum af þessu tagi ósvarað“ og ættu því að vísa 35 Bandaríkjamönnum úr landi.

Pútín ákvað hins vegar í gær að bíða átekta og vísa engum úr landi núna en halda því opnu hver viðbrögðin verða þar til Donald Trump tekur við af Obama 20. janúar.

„Við áskiljum okkur rétt til að grípa til gagnaðgerða,“ sagði Pútín í yfirlýsingu í gær. Hins vegar ætli hann sér ekki að fara niður á sama plan og Obama. Þvert á móti verði börnum allra bandarískra stjórnarerindreka í Moskvu boðið í áramótagleðskap.

„Við lítum svo á að þessi nýju óvinsamlegu skref fráfarandi Bandaríkjastjórnar séu ögrandi og til þess ætluð að grafa undan samskiptum Rússlands og Bandaríkjanna,“ sagði Pútín. „Þetta gengur tvímælalaust gegn grundvallarhagsmunum bæði Bandaríkjamanna og Rússa.“

Rússneska þingkonan Irina Jarovaja sagði refsiaðgerðirnar vera hefnd Obama gegn bandarískum kjósendum: „Það skiptir ekki máli hve mörgum stjórnarerindrekum Obama vísar úr landi, það var hin árásargjarna og Rússafælna stefna hans sem bandarískir kjósendur höfnuðu.“ Þá sagði María Sacharowa, talskona rússneska utanríkisráðuneytisins, í færslu á Facebook að Obama hafi nú staðfest það sem hún og fleiri hafi sagt árum saman, að hann og ráðherrar hans séu „engin ríkisstjórn heldur samansafn utanríkispólitískra aumingja, sem eru fullir heiftar og skammsýnir“.

gudsteinn@frettabladid.is



**Vladimír Pútín Rússlandsforseti og Barack Obama Bandaríkjaforseti á leiðtogafundi í Mexíkó árið 2012.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA





víb

Kynntu þér málið betur á vib.is eða hjá VÍB ráðgjafa í síma 440 4900

VÍB er eignastýringarþjónusta Íslandsbanka
Sími 440 4900 | vib@vib.is | facebook.com/VIB.stofan | @vibstofan


LJÓSMYND RAX

# GLEÐILEGT NÝTT ÁR

Eimskipafélag Íslands óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum farsældar á árinu 2017.

Á þessum árstíma kemur dagatal Eimskips ávallt út. Myndirnar sem prýða dagatalið fyrir árið 2017 eru teknar af RAX, Ragnari Axelssyni ljósmyndara. Hægt er að nálgast dagatöl á afgreiðslustöðum Eimskips um land allt.

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | 525 7000 | eimskip.is

## Áramótabrennur á höfuðborgarsvæðinu á gamlársdag

**Á LANDSBYGGÐINNI**

**SUÐURNES**
Grindavík kl. 20.30
Vogum kl. 20.00
Sandgerði kl. 20.00

**AKUREYRI**
Akureyri kl. 20.30
Hrísey kl. 17.00
Grímsey kl. 20.00

**FJALLABYGGÐ**
Ólafsfirði kl. 20.00
Siglufirði kl. 20.30

**FJARÐABYGGÐ**
Reyðarfirði kl. 17.00
Fáskrúðsfirði kl. 20.00
Neskaupstað kl. 17.00
Eskifirði kl. 17.00

**ÍSAFJARÐARBÆR**
Hnífsdal kl. 20.30
Hauganesi kl. 20.30
Súgandafirði kl. 20.30
Flateyri kl. 20.30
Þingeyri kl. 20.30

**ÁRBORG**
Selfossi kl. 16.15
Eyrarbakka kl. 20.00
Stokkseyri kl. 20.00

**SKAGAFJÖRÐUR**
Varmahlíð kl. 20.30
Sauðárkróki kl. 20.30
Hólum kl. 20.30
Hofsósi kl. 20.30




# Hátt í hundrað brennur um allt landið

**Að minnsta kosti níutíu áramótabrennur verða tendraðar í dag og í kvöld. Flestar brennurnar eru á höfuðborgarsvæðinu eða sautján talsins. Kveikt verður í þeirri fyrstu klukkan fimmtán í dag. Veðurfræðingur segir fínasta veður vera í kortunum fyrir gamlárskvöld.**

**SAMFÉLAG** Áramótabrennur verða venju samkvæmt haldnar víða í kvöld. Á höfuðborgarsvæðinu verður kveikt í á sautján stöðum og þá verða brennur í flestum öðrum bæjarfélögum vítt og breitt um landið. Veðurspáin fyrir áramótin er hin ágætasta þótt éljagangur og hvassviðri gætu gert vart við sig á Austfjörðum.

Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir útlit fyrir að víða verði léttskýjað og hægur vindur.

„Veðrið gæti varla verið skárra miðað við það sem á undan er gengið síðustu daga. Það er vaxandi hæðarhryggur yfir landinu sem dregur úr vindi og úrkomu og það gerist nánast eins og eftir pöntun á akkúrat réttum tíma,“ segir Þorsteinn.



Áramótabrennur verða með hefðbundnum hætti á höfuðborgarsvæðinu og verður kveikt í þeim flestum klukkan 20.30 í kvöld.

Í Reykjavík verða tíu brennur, tvær í Kópavogi og þá verða brennur í Garðabæ, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, á Álftanesi og á Seltjarnarnesi, ein í hverju bæjarfélagi. Að vanda verður kveikt í fyrstu brennunni á höfuðborgarsvæðinu á athafnasvæði Fisfélagsins við Úlfarsfell klukkan 15.

Sýslumenn hafa gefið út leyfi fyrir 90 brennum á gamlárskvöld og leyfi fyrir þó nokkrum þrettándabrennum.

Á Akranesi verður brenna í Kalmansvík og þá verða fjórtán brennur á Vestfjörðum. Á Egilsstöðum verður áramótabrennan tendruð kl. 16.30 í dag. Áramótabrenna ÍBV, sem haldin hefur verið í aldarfjórðung, verður hins vegar ekki á dagskrá í ár vegna kostnaðar.

thorgeirh@frettabladid.is

## Opnunartímar um áramótin

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítala í Fossvogi**
Opið allan sólarhringinn alla daga. Aðalsímanúmer Landspítala: 543-1000
Beint innval á slysadeild í Fossvogi: 543-2000. Sinnir neyðartilvikum.

**Læknavakt heilsugæslunnar**
Gamlársdagur 9-18 og 20.30-23
Nýjársdagur 9-23.30

**Vitjanasími 1770**
Gamlársdagur 08-24
Nýjársdagur 08-24

**Símaráðgjafaþjónusta 1770**
Opið allan sólarhringinn alla daga

**Neyðarlínan**
Neyðarsíminn 112 er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðarnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**Rauði krossinn**
1717 er hjálparsími Rauða krossins og verður opinn yfir alla jólahátíðina.

**Stígamót**
Lokað yfir hátíðarnar.

**Kvennaathvarfið**
Opið allan sólarhringinn, alla daga. Sími: 561-1205.

**SÁÁ göngudeild**
Lokað á gamlárs- og nýjársdag. Bent er á slysa- og bráðamóttöku Landspítala komi upp alvarleg tilfelli.

**Tannlæknar**
Gamlársdagur opið 9-12 hjá Jóni Hjaltalín Gunnlaugssyni.
Nýjársdagur opið 12-14 hjá Kolbeini Viðari Jónssyni.

**Dýralækningamiðstöðin Grafarholti**
Gamlársdagur opið 10-12 en lokað á nýjársdag.
Neyðarnúmer dýralækna 860-2211.

### Apótek

**Lyfja**
Gamlársdagur
Opið 8-18 í Lágmúla
Opið 9-18 á Smáratorgi
Opið 10-12 í Borgarnesi og Reykjanesbæ
Nýjársdagur
Opið 9-24 Smáratorgi
Opið 10-24 Lágmúla

**Árbæjarapótek**
Opið 10-12 gamlársdag en lokað á nýjársdag

**Lyf og heilsa**
Gamlársdagur
Opið 10-12 Glerártorgi
Opið 10-13 JL-húsinu og Kringlunni
Opið 10-15 Austurveri
Nýjársdagur
Lokað

**Lyfjaver**
Opið 10-12 gamlársdag en lokað nýjársdag.

### Samgöngur og sund

**Samgöngur**
Flestar leiðir á höfuðborgarsvæðinu ganga til um 15 á gamlársdag. Nánari upplýsingar á heimasíðu Strætó.
Akstur samkvæmt sunnudagsáætlun á nýjársdag á höfuðborgarsvæðinu en enginn akstur á landsbyggðinni.

**Sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu**
Gamlársdagur
Opið 8-11 í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug
Opið 8-12 í í Lágafellslaug, Sundlaug Kópavogs og Sundlauginni Versölum.
Opið 8-12.30 í Seltjarnarneslaug.
Opið 8-13 í Laugardalslaug og Sundhöll Reykjavíkur.
Opið 9-12 í Álftaneslaug og Varmárlaug.
Opið 9-13 í Árbæjarlaug, Breiðholtslaug, Grafarvogslaug og Vesturbæjarlaug.
Opið 10-13 í Klébergslaug.
Lokað í Nauthólsvík, Sundhöll Hafnarfjarðar og Ásgarðslaug.
Nýjársdagur
Opið 10-18 í Sundlaug Kópavogs.
Opið 12-18 í Laugardalslaug og Vesturbæjarlaug.
Opið 11-15 í Nauthólsvík.
Aðrar laugar lokaðar.
Annar í jólum
Opið 9-16 í Lágafellslaug.
Opið 10-18 í Sundlaug Kópavogs og Sundlauginni Versölum.
Opið 12-18 í Árbæjarlaug, Laugardalslaug og Vesturbæjarlaug.
Lokað í öðrum laugum.

### Stórmarkaðir

**Bónus**
Opið 10-15 gamlársdag en lokað nýjársdag.

**Hagkaup**
Gamlársdagur
Opið til 18 í Skeifunni, Spönginni, Garðabæ og Eiðistorgi.
Opið 8-18 á Akureyri.
Opið 10-15 í Smáralind, Kringlunni, Holtagörðum, Njarðvík, Borgarnesi og Selfossi.
Nýjársdagur
Opnað 12 í Skeifunni, Spönginni, Garðabæ, Akureyri og Eiðistorgi.
Lokað annars staðar.

**Nettó**
Gamlársdagur
Opið til 15 á Granda og í Mjódd.
Opið 10-15 í Hafnarfirði, Búðakór, Salavegi, Glerártorgi, Hrísalundi, Húsavík, Krossmóa, Grindavík, Iðavöllum, Selfossi, Egilsstöðum, Höfn og Borgarnesi.
Lokað á nýjársdag.

**Krónan**
Gamlársdagur opið 9-16
Nýjársdagur lokað

KVÍÐAMEÐFERÐARSTÖÐIN

**Feeling good with CBT**
**-Learn skills to beat your Anxiety and Depression**

Are you depressed or anxious? Join our popular course at the Icelandic Anxiety Centre, now available in English.

In this course you will learn:
- **About the symptoms of anxiety and depression**
- **Why people get anxious and depressed**
- **What keeps the problem going**
- **CBT skills to feel better**
- **How to successfully adapt to Icelandic culture**
- **How to speed up your learning of Icelandic (if you want)**

This 12 hour course, based on Cognitive Behavioural Therapy (CBT), starts **18th of January 2017.** Further information and registration at www.kms.is or kms@kms.is.

Kvíðameðferðarstöðin/Icelandic Anxiety Centre, Suðurlandsbraut 4.

# GLEÐILEGT ÁR

## TAKK FYRIR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

## Joe&Seph´s sælkeravörur



Ólýsanlega góðar karamellusósur og popp húðað karamellu, súkkulaði eða Cheddar. Finndu þitt uppáhalds!

FERSKT með FLUGI



*Ný uppskera af grænum vínberjum frá suður afríku*





Strengjabaunir

- Blæjuber
- Kirsuber
- Trönuber
- Jarðarber
- Rifsber
- Brómber
- Hindber
- Bláber
- Vínber



Snjóbaunir





Belgbaunir

## AFGREIÐSLUTÍMI 31. DESEMBER - 2. JANÚAR

| | | SKEIFAN<br>SPÖNGIN<br>GARÐABÆR<br>EIÐISTORG | SMÁRALIND | KRINGLAN | AKUREYRI | HOLTAGARÐAR | NJARÐVÍK<br>BORGARNES<br>SELFOSS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LAU | 31. DES | OPIÐ TIL 18 | 10-15 | 10-15 | 8-18 | 10-15 | 10-15 |
| SUN | 1. JAN | OPNAR 12 | LOKAÐ | LOKAÐ | OPNAR 12 | LOKAÐ | LOKAÐ |
| MÁN | 2. JAN | 24 TÍMA | 10-19 | 10-19 | 8-24 | 12-19 | 11-18:30 |

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# SKOÐUN

## Ógn vélmenna



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Fyrr en varir mun ný tækni af fullkomnu miskunnarleysi úrelda ólíklegustu störf. Vélmenni með gervigreind munu halda áfram þeirri úreldingu starfa sem verið hefur fylgifiskur hnattvæðingarinnar. Hún flutti framleiðslu og þjónustustörf til fátækra landa og gerbreytti vinnumarkaði iðnríkjanna.

Ný tækni mun höggva í sama knérunn. Störfin sem verða tækninni að bráð flytjast ekki milli landa. Vissulega skapast ný atvinnutækifæri í staðinn en ekki fyrir alla. Fjöldi fólks mun sitja eftir með sárt ennið. Víða um heim hefur gripið um sig örvænting. Heil byggðarlög hefur dagað uppi vegna þessara breytinga. Engar allsherjarlausnir eru í sjónmáli.

Að vísu eru á sveimi misvel útfærðar hugmyndir um borgaralaun, sem Píratar hafa tekið upp á sína arma. Hvort sem hugmyndirnar eru raunhæfar eða ekki eru þær vitnisburður um meiri fyrirhyggju en aðrir flokkar geta státað af. Einhvern veginn verður að tryggja afkomu fólks og bregðast við vandanum sem er handan við hornið.

Tómarúmið skapar jarðveg fyrir menn eins og Donald Trump, sem sest á forsetastól í Washington eftir þrjár vikur. Hann höfðaði til fólks sem hefur misst vonina – dró upp einfalda mynd af margslungnum vanda og gerði innflytjendur og fátæk grannríki að blórabögglum. Fólk trúði honum ekki endilega en notaði tækifærið í kjörklefanum til að sýna reiði sína í garð ríkjandi stjórnvalda.

Kannski er það tímanna tákn að Trump hefur tilnefnt Andrew Puzder atvinnumálaráðherra í ríkisstjórn sinni. Puzder er þekktur fyrir að innleiða sjálfvirkni á skyndibitakeðju sem hann á og rekur. Hann hefur sagt um róbótana sem leysa mannfólkið af hólmi: Þeir eru alltaf kurteisir, þeir taka sér aldrei frí, eru aldrei of seinir og gerast ekki sekir um kynþáttafordóma.

Bílar sem aka sjálfir eru að verða almenningseign. Atvinnubílstjórar, stór og rótgróin sétt, verða verkefnalausir. Mannleg mistök eru helsti slysavaldurinn í flugi. Tæknin mun leysa flugmenn af hólmi og um leið gera flugferðina öruggari. Fiskiskip eru búin tækjum sem margfalda afköst við veiðar og vinnslu þó að áhöfnin minnki. Fiskimönnum mun fækka.

Líklegt er að einn lögmaður geti í framtíðinni sinnt störfum margra. Dómarar morgundagsins geta sparað sér sporin og keyrt saman dóma í sambærilegum málum. Heimildaleit blaðamanna, sem til skamms tíma hefur krafist yfirlegu í skjalasöfnum, fer fram með því að ýta á takka. Allt horfir þetta til framfara. Mistökum fækkar og vinnan verður öruggari.

En flest fólk vill vinna. Verkefni stjórnmálanna, atvinnulífsins og fræðasamfélagsins á árinu sem er að ganga í garð er að finna þeim farveg sem missa vinnuna. Í þeim efnum þurfa allir að leggjast á eitt. Þannig verður slegið á reiðina. *Gleðilegt ár!*

**Þeir eru alltaf kurteisir, þeir taka sér aldrei frí, eru aldrei of seinir og gerast ekki sekir um kynþáttafordóma.**

**Visthæfir bílar**

Tilkynning frá Reykjavíkurborg

Bílar sem uppfylla neðangreindar kröfur teljast undanþegnir gjaldskyldu í bílastæði borgarinnar, í 90 mínútur.

a) Bifreiðar með rafgeymi/brunahreyfil, sem gefur frá sér minna en 50 g koldíoxíði pr. km. í blönduðum akstri (tengitvinnbílar) og og skráð eigin þyngd minni en 1600 kg.
b) Bifreiðar með brunahreyfil, sem ganga fyrir metani og og skráð eigin þyngd minni en 1600 kg.
c) Bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni, rafgeymabílar og skráð lengd minni en 5 m.
d) Bifreiðar sem ganga fyrir vetni og skráð lengd minni en 5m.

Gjaldfrelsið fellur niður ef bifreið er á nagladekkjum. Ekki er heimilt að framlengja tíma í sama stæði umfram 90 mínútur.

Reglur þessar gilda til 31.desember 2019.

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Svarið liggur í kalkúninum

Gamlársdagur. Við stöndum með hælana skorðaða í fortíðinni en teygjum tærnar vongóð inn í framtíðina – við lítum um öxl samtímis því að horfa fram á veginn. En gefur árið 2016 tilefni til að líta 2017 björtum augum? Árið 2016 var árið sem allt snerist á haus. Góða fólkið varð vonda fólkið. Illkvittna fólkið sem vildi sökkva fósturjörðum sínum í flóttamönnum og manngæsku varð mesta meinsemd samtímans. Á sama tíma og góða fólkið varð vont varð góðæri aftur gott. Orðskrifli sem hafði verið skammaryrði frá hruni fékk uppreisn æru. Viðskipti urðu aftur að trúarbrögðum, kauphöllin musteri og upprisinn útrásarvíkingur fannst með aðstoð jólastjörnunnar Nova, blossastjörnu sem sprakk eins og slíkar stjörnur gera af svo miklum krafti að birta hennar jókst hundraðþúsundfalt á andartaki – eða eins og það er nefnt á viðskiptamáli: fjárfestingin fjórfaldaðist frá stofnun fyrirtækisins árið 2007.

Árið 2016 urðu túristar eins og tóbak – við tókum þá í nefið. Árið 2016 var árið sem við hættum við að spyrja „how do you like Iceland“? Ferðamenn hættu að vera manneskjur og urðu auðlind, okkar að nýta sem okkur sýndist. Þá skyldi virkja, í þá bora eins og olíulind, veiða þá í túristagildrur eins og fiska í net, mergsjúga þá og blóðmjólka uns við urðum bústin eins og troðnar botnvörpur, þeir skorpnir eins og skreið.

„Má ég fá vatnssopa?“

„Nei, það er hættulegt að drekka úr íslenskum krönum. En fyrir litlar fjögurhundruð krónur færðu þessa vatnsflösku.“

### Eins og konfekt

Árið 2016 var árið sem sannleikurinn leið undir lok. Innihald orða tók að snúast um magn fremur en gæði – væri eitthvað sagt nógu oft varð það satt: Barack Obama er stofnandi hryðjuverkasamtakanna ISIS. Hillary Clinton bakkar yfir hvolpa í frítíma sínum. Fréttamenn RÚV eru eðlur af elítuætt utan úr geimnum sem sendar voru til jarðar til að fella Framsóknarflokkinn.

„En það er ekki satt?“

„Það skiptir ekki máli. Sannleikurinn er eins og konfekt. Maður velur sér mola eftir smekk.“

### Undir felldu yfirborði

Árið 2016 var ár nostalgíunnar. Okkur lengdi eftir meintum einfaldleika fortíðar, sakleysi liðinna tíma, ylhýrum faðmi einangrunarinnar.

„Muniði þegar ekkert sjónvarp var á fimmtudögum og maður kveikti á kertum þegar rafmagnið fór?“

Bretar kusu burt pólska pípara í þjóðaratkvæðagreiðslu í von um að endurvekja tímann þegar konur gengu í síðkjólum, karlmenn skörtuðu pípuhöttum og meðfæddum yfirburðum, fólk bjó í krúttlegum kotum með stráþökum, Doc Martin sótti sjúklinga heim, lögregluforingjarnir Morse og Poirot gættu öryggis fólks og Hyacinth Bucket bar fram te. Bandaríkjamenn úthýstu rökhyggjunni. Þeir kusu sér vegg sem var jafnlangur færiböndunum í Ford verksmiðjunni á þeim tímum þegar karlar störfuðu blístrandi við að púsla saman framtíðinni en skildu hana svo eftir í vinnunni og fóru heim til brosandi eiginkvenna með svuntu, rúllur í hárinu og steik á diski.

En undir felldu yfirborði nostalgíunnar – rétt eins og undir síðkjólunum í Downton Abbey – leynist korselett. Árið 2016 gleymdum við kæfandi fjötrum fortíðar. Er við létum okkur dreyma um slétt andlit æskuáranna hunsuðum við tilvist graftargulra unglingabóla.

### Sagan af kalkúninum

Gefur árið 2016 tilefni til að líta 2017 björtum augum? Svarið liggur í safaríkum kalkúninum sem svo mörg okkar munu leggja sér til munns í kvöld.

Einu sinni var kalkúnn. Á hverjum morgni opnaði góðlátlegur fulltrúi mannkynsins búrið hans og fóðraði hann. En svo rann upp gamlársdagur. Ef eitthvað hefði verið að marka fortíðina hefði hann einfaldlega fengið að borða þennan morgun eins og aðra. En í staðinn varð kalkúninn höfðinu styttri.

Svarið er afdráttarlaust. Já. Við megum vera bjartsýn. Því fortíðin segir ekkert til um hvað framtíðin ber í skauti sér.

Kæru lesendur, hafið þakkir fyrir samfylgdina á árinu. Stórt læk á ykkur öll.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



VOLVO

# ÖRYGGI FJÖLSKYLDUNNAR Í FYRIRRÚMI

Við erfiðar vetraraðstæður verður öryggi fjölskyldunnar að vera tryggt. Volvo XC60 býður einstakt öryggi. Volvo öryggi. Hann er fjórhjóladrifinn, glæsilegur og öflugur jeppi. 23 cm veghæð gerir hann afar góðan í snjó og ófærð. Nú fæst Volvo XC60 AWD í nýrri Executive útgáfu.

LEÐURÁKLÆÐI
RAFDRIFIÐ ÖKUMANNSSÆTI MEÐ MINNI
NETTENGDUR 7 TOMMU SKJÁR
BAKKMYNDAVÉL
VÉLARHITARI M. TÍMASTILLI (HEITUR Á MORGNANA)
VERÐ FRÁ 8.385.000 KR

KOMDU Í BRIMBORG OG REYNSLUAKTU
**VOLVO XC60 D4 AWD EXECUTIVE**

Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í farabroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Bíldshöfða 6 110 Reykjavík | 515 7000 volvocars.is

## Íþróttaafrekin í ár

**1** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta sendi stórstjörnulið Englands heim af EM og komst í átta liða úrslit á EM í fótbolta. Íslenska liðið tapaði aðeins einum leik og skoraði í öllum fimm leikjum sínum átta mörk sem er meira en 19 af hinum 23 liðum mótsins.

**2** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta vann sinn riðil í undankeppninni í fyrsta sinn og var með fullt hús og hreint mark þegar liðið tryggði sér sæti á þriðja Evrópumótinu í röð.

**3** Hrafnhildur Lúthersdóttir vann þrenn verðlaun á EM í sundi í 50 metra laug fyrst íslenskra sundkvenna. Hún fékk silfur í 50 og 100 metra bringu og svo brons í 200 metra bringu.

**4** Ísland átti í fyrsta sinn konu í úrslitum í sundi á Ólympíuleikum og það tvær á sömu leikum. Hrafnhildur Lúthersdóttir komst fyrst í úrslit í 100 metra bringu þar sem hún varð sjötta en Íslandsmet kom Eygló Ósk Gústafsdóttur í úrslitin í 200 metra baksundi.

**5** Ísland átti tvær konur í úrslitum á EM í frjálsum. Aníta Hinriksdóttir varð áttunda í 800 metra hlaupi en Ásdís Hjálmsdóttir í áttunda sæti í spjótkasti. Aníta komst í úrslit á tveimur stórmótum á árinu því hún varð fimmta á HM innanhúss í mars.

**6** Íslenska karlalandsliðið í körfubolta komst aftur í hóp bestu liða Evrópu þegar liðið vann 4 af 6 leikjum í undankeppninni og tryggði sér sæti í úrslitakeppni EM.

**7** Þrjár íslenskar sundkonur settu Íslandsmet á HM 25, þær Hrafnhildur Lúthersdóttir, Eygló Ósk Gústafsdóttir og Bryndís Rún Hansen. Hrafnhildur og Bryndís fóru báðar í undanúrslit.

**8** Íslensku handbolta- og körfuboltalandsliðin unnu alla sjö keppnisleiki sína í Laugardalshöllinni á árinu.

**9** Gylfi Þór Sigurðsson skoraði 14 mörk í ensku úrvalsdeildinni á árinu sem er nýtt íslenskt met. Gylfi átti einnig sex stoðsendingar og kom því að tuttugu mörkum á árinu í vinsælustu deild heimsins fyrstur Íslendinga.


Það var gaman að vera stuðningsmaður Íslands í ár. Hér má sjá skemmtilega mynd úr íslensku stúkunni á Evrópumótinu í Frakklandi síðasta sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sextán afrek sem gera árið 2016 að besta íþróttaári Íslendinga

**Ísland er engin smáþjóð þegar kemur að afrekum íþróttafólks þjóðarinnar en á árinu 2016 gerði okkar besta íþróttafólk betur en nokkurn tímann fyrr. Fréttablaðið skoðar aðeins hversu gott þetta íþróttaár var.**

**ÍÞRÓTTIR** 27. júní 2016. Íslendingar muna örugglega aldrei gleyma stundinni þegar Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska karlalandsliðsins, bað um hljóð í horninu á Allianz Riviera leikvanginum í Nice og í framhaldinu náði íslenska húh-ið athygli alls heimsins. Íslenska landsliðið var nýbúið að senda enska landsliðið skömmustulega heim af EM aðeins fimm dögum eftir að liðið endaði Evrópudrauma Austurríkismanna í ótrúlega spennandi leik á Stade de France. Íslenska fótboltaævintýrið var eitt af stærstu fréttunum í fótboltaheiminum á árinu.

Íslenska þjóðin hefur sjaldan verið stoltari en þetta júníkvöld en frábær árangur karlalandsliðsins var langt frá því að vera eina íþróttaafrek þessarar 330 þúsund manna þjóðar norður í Atlantshafi. Verðlaun á Evrópumóti í sundi, sæti í úrslitasundum á Ólympíuleikum í Ríó og sæti í úrslitum á EM í frjálsum.

Tvö landslið tryggðu sér sæti á EM á næsta ári og árið 2017 verður einnig risaár fyrir íslenska golfið þar sem Ísland mun eiga fullgildan meðlim á tveimur stærstu atvinnumótaröðunum í kvennagolfinu. Það voru fleiri dæmi um að íslensk landslið sýndu styrk sinn í baráttu við þá bestu. Fimleikalandslið kvenna varð Norðurlandameistari í áhaldafimleikum, Ísland kom með þrenn verðlaun heim af Evrópumótinu í hópfimleikum og handboltalandsliðið komst inn á enn eitt stórmótið.

Það sem er svo spennandi við íþróttamennina sem sköruðu fram úr á árinu er að svo margir þeirra eru bara rétt að byrja. Bæði hlauparinn Aníta Hinriksdóttir og sundkonan Eygló Ósk Gústafsdóttir eru þrátt fyrir mikla reynslu aðeins nýskriðnar yfir tvítugt og það eru miklu fleiri dæmi um ungt afreksfólk sem á framtíðina fyrir sér og hefur sett markið hátt. Þá eru ótaldir íslensku þjálfararnir sem eru að gera það gott, ekki síst í handboltanum þar sem íslenskir þjálfarar unnu samtals fimm verðlaun á stórmótum ársins 2016.

Allt íþróttaárið 2016 var íslenska íþróttafólkið að vinna afrek sem höfðu ekki unnist áður og hefði jafnvel verið óhugsandi fyrir aðeins nokkrum árum. Íslenska íþróttasögubókin stækkaði því um marga kafla á árinu.

Ísland fær vissulega tækifæri til að endurskrifa söguna á nýju ári. Karlalandsliðið í fótbolta getur tryggt sig inn á HM í fyrsta sinn, kvennalandsliðið í fótbolta mætir á sitt þriðja Evrópumót í röð með stór markmið og karlalandsliðið í körfubolta bíður eftir fyrsta sigri sínum í úrslitakeppni EM en liðið verður með á Eurobasket í Finnlandi í september. Það eru líka sóknarfæri í öðrum íþróttagreinum enda hljóta allir íslenskir íþróttamenn að fá aukna trú og aukinn kraft við að fylgjast með löndum sínum slá í gegn.

Hér á síðunni eru taldar upp sextán ástæður fyrir því af hverju árið 2016 er besta íþróttaár Íslendinga til þessa. Þetta er langt frá því að vera tæmandi listi því í heimi íþróttanna er litla Ísland engin smáþjóð. Metnaður og kröfur þjóðarinnar minnkuðu ekkert við magnaðan árangur ársins 2016.

Íslenska íþróttafólkið fær vonandi enn fleiri tækifæri á árinu 2017 til að sýna sig og sanna í keppni við þá bestu. Ísland verður strax aftur í sviðsljósinu í fyrsta mánuði nýs árs þegar karlalandsliðið í handbolta tekur þátt á HM í handbolta í Frakklandi.

ooj@frettabladid.is

**10** Íslenskir handboltaþjálfarar unnu þrjú stórmótagull og alls fimm verðlaun á stórmótum ársins. Guðmundur Guðmundsson gerði Dani að Ólympíumeisturum karla í fyrsta skiptið og þeir Dagur Sigurðsson (karlalið Þýskalands) og Þórir Hergeirsson (kvennalið Noregs) hjálpuðu sínum liðum að vinna EM-gull og Ólympíubrons.

**11** Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta sigraði Ungverjaland í undankeppni EM í febrúar. Þetta var fyrsti sigur kvennalandsliðsins í keppnisleik á móti þjóð sem var með á síðasta stórmóti á undan.

**12** Aron Pálmarsson var valinn besti leikmaður Meistaradeildarhelgarinnar í handbolta og hann var líka orðaður við öll helstu stórlið heimsins í lok ársins.

**13** Áhaldalandslið kvenna náði þeim tímamótaárangri að sigra í liðakeppni á Norðurlandamóti í áhaldafimleikum í fyrsta skipti. Á Evrópumótinu í hópfimleikum í Slóveníu kom Ísland heim með fern verðlaun (1 gull, 1 silfur og 2 brons).

**14** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir varð fyrsti íslenski kylfingurinn til að vinna sér þátttökurétt á LPGA þegar hún náði öðru sætinu á lokaúrtökumótinu.

**15** Valdís Þóra Jónsdóttir náði bestum árangri íslensks kylfings á lokaúrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina þegar hún varð í öðru sæti á lokaúrtökumótinu og tryggði sig inn á LET á næsta ári.

**16** Ísland eignaðist heimsmeistara í kraftlyftingum bæði í karla- og kvennaflokki. Júlían J.K. Jóhannsson varð heimsmeistari í réttstöðulyftu á HM í nóvember og Fanney Hauksdóttir varð heimsmeistari í klassískri bekkpressu í maí.



**BK EIGNIR**

Sala félagsins. Félagið á og rekur 373 leiguíbúðir.

**LYFJA**

Sala félagsins í opnu söluferli. Stærsta apóteka- og heilsuverslanakeðja landsins.

**Domino's**

Ráðgjafi eigenda við sölu á hlut í félaginu. Dominós er leiðandi á skyndibitamarkaði.

**KLETTUR LEIGUFÉLAG**

Sala félagsins í opnu söluferli. Félagið á og rekur 450 leiguíbúðir.

**ÍP Icelandic Provisions**

Umsjón með sölu hlutafjár. Félagið framleiðir og selur skyr á Bandaríkjamarkaði.

**ÍÞRÓTTA- OG SÝNINGARHÖLLIN**

Fjármögnun og skráning skuldabréfa í kauphöll.



**magma ENERGY CORP**

Fjármögnun með útgáfu og skráningu skuldabréfs fagfjárfestasjóðsins ORK í Kauphöll.

**VEÐSKULDABRÉFASJÓÐURINN VIRÐING**

Skráning skuldabréfa sjóðsins í kauphöll.

**REYKJANESBÆR**

Umsjón og milliganga um fjármögnun.

**ÍSLANDS HÓTEL**

Ráðgjafi hóps kaupenda á hlut í félaginu. Félagið er stærsta hótelkeðja landsins.

**Ísafjarðarbær**

Umsjón og milliganga um fjármögnun.

**Laxar fiskeldi ehf**

Ráðgjafi eigenda við sölu á hlutafé til erlendra aðila.

**365**

Ráðgjöf við sameiningu Tals og 365.

**ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ**

Ráðgjöf við endurskipulagningu og kaup á hlut í félaginu.

**Ölgerðin** EGILL SKALLAGRÍMSSON

Sala félagsins í opnu söluferli.

**LONDON**

Opnun skrifstofu Virðingar í byrjun árs 2017.



# SAMSTARF OG ÁRANGUR BYGGIR Á VIRÐINGU

Stórir áfangar í starfsemi Virðingar eru að baki og á þeim tímamótum fögnum við frábærum árangri með viðskiptavinum okkar. Yfir 100 milljarðar í eignastýringu, 19 mismunandi sjóðir, vel heppnað söluferli margra af stærstu fyrirtækjum landsins og opnun skrifstofu í London segja sína sögu um þá mikilsverðu áfanga sem náðst hafa að undanförnum árum. Áfanga sem endurspegla framúrskarandi árangur og leggja enn traustari grunn undir kraftmikla starfsemi í framtíðinni.

VIRÐING

BORGARTÚNI 29 105 REYKJAVÍK 585 6500 WWW.VIRDING.IS


KVIKA
kvika.is



*Starfsfólk Kviku óskar landsmönnum gleði*
*og farsældar á nýju ári*


Í þessari urð fannst lík Ísdalskonunnar nakið og brennt – aldrei hefur verið upplýst hver hún var. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRGÓLFUR HÁVARÐSSON

# Konan í Ísdalnum

**Nakið og illa brunnið lík finnst í stórgrýtisurð rétt utan við miðbæ Bergen. Allar vísbendingar um hver konan er hafa verið fjarlægðar. Í áratugi hefur enginn náð að þoka málinu áfram og eftir stendur þekktasta sakamál Norðmanna.**


Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Tæplega hálf öld er liðin síðan tólf ára gömul stúlka, sem var í sunnudagsgöngu með föður sínum og yngri systur, gekk fram á illa brunnið lík konu í Ísdalnum – vinsælu útivistarsvæði spölkorn frá miðbæ Bergen í Noregi. Þau höfðu gengið langt inn í dalinn að svæði sem fáir sækja, og þar sem útsýnið er hvað stórkostlegast, skammt frá göngustígnum, blasir við þessi hryllilega sjón. Það er langt liðið á nóvembermánuð og við tekur gangan heim til að tilkynna um líkfundinn – faðirinn heldur utan um litlu dæturnar sínar og lítur til baka á göngunni. Er morðingi á ferli í skóginum?

Á þessum nótum hefur blaðamaðurinn Ståle Hansen og samstarfsmenn hans frásögn sína af þekktasta og umtalaðasta lögreglumáli í sögu Noregs, sem norska ríkisútvarpið (NRK) hefur hafið sjálfstæða rannsókn á í samstarfi við lögregluyfirvöld þar í landi, þar á meðal norsku rannsóknarlögregluna í Ósló (Kripos). Það er gert í samstarfi við Brennpunkt – sjónvarpsþátt NRK þar sem fréttaskýringar og rannsóknarblaðamennska eru efnistökin.

Með umfjölluninni er vonast til að leiða gátuna um konuna í Ísdalnum til lykta – nú 46 árum eftir að lík hennar fannst. Á vef NRK hafa verið birtar ítarlegar upplýsingar í röð blaðagreina og myndbrota sem byggja á gögnum málsins og nýjum rannsóknum á þeim. Yfirstandandi eru rannsóknir á jarðneskum leifum Ísdalskonunnar, eða lífsýni hennar og tönnum. Beðið er eftir niðurstöðum úr DNA-rannsóknum, sem vonast er til að leiði í ljós hvaðan hún var. Allar nýjar upplýsingar eru birtar almenningi á vef NRK strax og þær liggja fyrir – svo segja má að Norðmenn leggist á eitt við að leysa þessa gömlu gátu. Fréttastofa 365 birtir hluta þessarar sögu í samstarfi við NRK og Brennpunkt.

### Óhugnanleg aðkoma

Skömmu eftir að tilkynning um líkfundinn barst var fjöldi rannsóknarlögreglumanna kominn að urðinni í Ísdalnum – lögreglumenn með hunda og málmleitartæki og aðrir frá tæknideildinni. Þeir hefja störf við að rannsaka vettvanginn í kringum líkið sem liggur í kunnuglegri stellingu þeirra sem brenna – með hendurnar útréttar upp af efri hluta líkamans. Í blautu grasinu finnast brunnir munir í eigu konunnar – leifar af innpökkuðu nesti, fötum, regnhlíf, tösku og tvær brunnar plastflöskur. Hálf flaska af líkjör er þar einnig, og nær ónýtt plasthulstur, líklega utan af vegabréfi, auk annarra hluta.

Strax var ljóst að rannsóknin yrði ekki hefðbundin. Rannsóknarlögreglumennirnir veittu því athygli að merkimiðar höfðu verið nostursamlega klipptir af fötum konunnar. Það sama á við um alla muni sem finnast úr hennar eigu – jafnvel merkingar á plastflöskunum hafa verið skrapaðar af. Í raun hefur fundarstaður hennar verið hreinsaður af öllu sem hugsanlega gæti gefið upplýsingar um hver konan var. Meðal Norðmanna er hún þekkt sem Ísdalskonan, og ungir sem gamlir þekkja mál hennar og hafa sínar eigin kenningar um afdrif hennar og uppruna.

### Gáta á gátur ofan

Í hugum lögreglumannanna sem rannsaka fundarstað Ískonunnar hrannast spurningarmerkin strax upp – en þeim átti eftir að fjölga hratt á næstu dögum og vikum rannsóknarinnar. Hægt og sígandi verður til stærsta og leyndardómsfyllsta sakamál Noregs. Eftir því sem rannsókn lögreglu fleygir fram fjölgar óleystum gátum í málinu – og við þessar aðstæður fara tilgátur á flug.

Sú staðreynd að ung kona, sem enginn þekkir til, finnst látin undir þessum kringumstæðum er óbærileg. Það heyrist hvíslað hvort hún hafi verið njósnari – líflátin af eigin liðsmönnum eða óþekktum óvini. Tengdist hún skipulagðri glæpa- ➡




Þessi teikning var gerð af **Stephen Missal**, bandarískum teiknara (Forensic artist), að beiðni NRK. Þeim sem hittu Ísdalskonuna árið 1970 ber saman um að teikning hans líkist konunni í smáatriðum.

Norsk lögregluyfirvöld sendu Interpol og kollegum sínum um alla Evrópu, Norður-Afríku og í Mið-Austurlöndum eftirfarandi lýsingu á Ísdalskonunni:

- Um *25 til 30 ára* að aldri. Hún er 164 sentimetrar á hæð, grönn en breið um mjaðmir. **Sítt brúnt/svart hár**, nett hringlaga andlit, brún augu, lítil eyru. Gert hefur verið við margar af tönnum hennar – nokkrir jaxlar hafa gullkrónur. Vinnan bendir til tannlækninga í Austurlöndum fjær, frá Mið- eða Suður-Evrópu eða Suður-Ameríku. Fjórtán af tönnum hennar hafa verið rótfylltar. Vitni segja hana hafa *talað bjagaða ensku*, en önnur að hún hafi talað þýsku eða flæmsku.

**80**

**Síðan umfjöllun NRK birtist lesendum hafa borist 80 ábendingar um málið á netfangið: undersokendenett@nrk.no**




# Í sambandi – allar hátíðarnar

Við hjá Veitum vitum hversu mikilvægt það er að hafa hreint, hlýtt og bjart um hátíðarnar. Þess vegna erum við í viðbragðsstöðu svo þig skorti ekki vatn, hita eða rafmagn um jól og áramót.

## Gleðileg jól og farsælt komandi ár

**Símanúmer þjónustuvaktar er 516 6000 en einnig er hægt að senda fyrirspurnir á veitur.is**

VEITUR



Ísdalskonan var jörðuð í málmkistu svo mögulegt yrði að senda hana til síns heima yrðu borin á hana kennsl. Enginn hefur enn þá gefið sig fram sem veit hver hún var.
MYND/POLITIET/STATSARKIVET BERGEN



Í kringum brunnið líkið fundust leifar af innpökkuðu nesti, fötum, regnhlíf, tösku og tvær brunnar plastflöskur. Hálf flaska af líkjör er þar einnig, og nær ónýtt plasthulstur, líklega utan af vegabréfi, auk annarra hluta. MYND/POLITIET/STATSARKIVET BERGEN

starfsemi? Fór hún ein inn í þennan fallega dal til að falla fyrir eigin hendi? Ef svo: lagði hún þá sjálf allar þessar gátur fyrir væntanlega fundarmenn sína? Og af hverju þá?

### Hjálp berst

Strax daginn eftir að líkið fannst var lögreglunni í Bergen ljóst að málið var ekki einfalt – og jafnvel þeim ofviða. Þá þiggur hún aðstoð rannsóknarlögreglunnar í Ósló (Kripos) sem hafði verið afþökkuð í byrjun. Næstu daga er öllu tjaldað til svo bera megi kennsl á konuna. Auk lögreglunnar í Bergen og frá Kripos er haft samband við Interpol og lögregluembætti um alla Evrópu. Fátt finnst sem hönd er á festandi – svo virðist sem konunni í Ísdalnum hafi tekist að láta sig hverfa sporlaust.

Þremur dögum eftir líkfundinn vöknuðu vonir um að lausn málsins væri nærri – en þá fundust ferðatöskur konunnar í farangursherbergi á lestarstöðinni í Bergen. Í annarri þeirra fundust sólgleraugu og fingrafar á glerinu sem passar við lík konunnar. Vonir lögreglunnar um lausn málsins eru fljótt kæfðar í fæðingu. Eins og af líkinu hafa allar vísbendingar verið hreinsaðar burt af sömu smásmugulegu nákvæmninni og fyrr. Allt er horfið – merkingar á fatnaði hafa verið klipptar burt. Hár hefur verið hreinsað úr greiðu og hárbursta – ásamt merkingum framleiðenda. Innan um fötin fundust hárkollur, og gleraugu með venjulegu gleri eins og um leikmuni væri að ræða. Þetta og aðrir munir sýna að Ísdalskonan átti létt með að dulbúast.

### Smá glæta

Tvennt fannst þó í töskunum tveimur sem lögreglan gat þrætt sig eftir: Skrifblokk og innkaupapoki. Þessa skrifblokk grófu blaðamenn NRK upp í gögnum málsins sem geymd eru á svæðisskjalasafninu í Bergen – þar sem hún lá innan um blaðastafla. Ein síða hennar er útfyllt með tölum og táknum, en þá er það upp talið. Um dulmál er að ræða sem lögreglunni tókst að ráða mörgum dögum eftir að rannsóknin hófst. Pokinn er hins vegar frá skóbúð Oscar Rørtvedt á Nygaten í Stavanger, borg sem liggur 200 kílómetra sunnan við Bergen. Það sem öllu skiptir fyrir lögregluna er að stígvélin fundust hjá líkinu og því fyrsta glætan í rannsókn sem var farin að taka á taugarnar hjá öllum viðkomandi.

Nú fyrst fékkst góð lýsing á útliti konunnar. Meðalhá, sítt dökkt hár, dökkbrún augu. Aðlaðandi og íturvaxin.

### Finella Lorck …

Nú gerðust hlutirnir hratt. Í krafti nýrra upplýsinga og lýsingar á konunni þræddu lögreglumenn hótel og veitingastaði og spurðust fyrir. Stutt frá skóbúðinni hafði hún gist á St. Svithun-hótelinu. Afgreiðslukona þekkir hana af lýsingunni. Hún hafði gist undir nafninu Finella Lorck, og sagðist vera frá Belgíu. Skúringakona á hótelinu kannast við bláu stígvélin – svo lögreglan ályktar skiljanlega: Líkið í Ísdalnum er af Finellu Lorck frá Belgíu. Hún hafði ferðast frá Stavanger til Bergen, þar hafði hún gist og þar hafði hún varið sínum síðustu dögum.

Norsku dagblöðin birtu þessa daga fréttir undir fyrirsögnum sem allar vísuðu í eina átt. Málið yrði upplýst innan tíðar. En raunin varð önnur. Konan í Ísdalnum hafði falið spor sín of vel, því engin Finella Lorck hafði tékkað sig inn á hótelin í Bergen. Blaðamenn á þessum tíma, og þar á meðal hinn þjóðþekkti glæpaskríbent Verdens Gang, Knut Haavik, furða sig á því að lögreglan leitar ekki til almennings í leit að upplýsingum. Innan lögreglunnar ríkir þögn og fátt gefið upp frá fyrsta degi. Síðar kom í ljós hvers kyns var – leyniþjónusta Noregs vann að málinu á bak við tjöldin – nokkuð sem var staðfastlega neitað um margra ára skeið.

### Mörg andlit

Árið 1970 þurftu allir útlendingar sem komu til Noregs og gistu á hótelum landsins að fylla út sérstakt eyðublað. Þar skyldi gefið upp nafn, heimilisfang, númer á vegabréfi auk undirskriftar. Þessi eyðublöð voru helsta von lögreglunnar eftir að lýsing á konunni fékkst. Eitt slíkt var í hendi frá hótelinu í Stavanger auk rithandarsýnis úr skrifblokkinni sem fannst í ferðatöskunni.

Svör frá hótelum um allan Noreg við fyrirspurnum lögreglunnar streymdu inn næstu vikur. Rithandarsérfræðingar Kripos rannsökuðu eyðublöð frá hendi útlenskra kvenna sem gist höfðu á norskum hótelum ári fyrir þann tíma að lík Ísdalskonunnar fannst. Það sem fannst kom, eins og allt annað í rannsókninni, á óvart.

Konan í Ísdalnum reyndist hafa ferðast milli borga og bæja í Noregi svo vikum skipti. Í hvert sinn notaði hún nýtt nafn og lögreglunni var ljóst að hún hafði undir höndum sjö vegabréf hið minnsta. Auk þess að kynna sig sem Finellu Lorck hafði hún gengið undir nöfnunum Claudia Tielt, Vera Jarle, Alexia Zarna-Merchez, Claudia Nielsen, Genevieve Lancier og Elizabeth Leenhouwfr. Síðar komu fram upplýsingar um að hún gisti á nokkrum hótelum í höfuðborg Frakklands, París, undir nafninu Vera Schlosseneck.

Spor konunnar fundust í Ósló, Bergen, Stavangri og Þrándheimi. Alltaf segist hún vera belgísk sama hvaða nafn hún notar. En lögregluyfirvöld í Belgíu kannast ekkert við konuna – lýsinguna á henni eða nöfnin átta sem hún notar á víxl. Engin þessara kvenna er raunverulega til.

### Njósnaveiðar

Viku eftir að rannsókn málsins hófst leitaði lögreglan í Bergen til norsku leyniþjónustunnar – nokkuð sem yfirmenn hennar þvertóku fyrir í áratugi. Þá höfðu fjölmiðlar strax velt sér upp úr því hvort Ísdalskonan væri útsendari – njósnari að störfum í miðju kalda stríðinu. Þetta liggur því til grundvallar að lögreglan leitaði mjög seint til almennings um upplýsingar. Blaðamenn sem skrifuðu um málið frá upphafi halda því enn fram að Ísdalskonan hafi verið útsendari frá ónefndu ríki, og átta nöfn og jafn mörg vegabréf sem hún notaði á ferðum sínum séu því til sönnunar.

Á sama tíma og leyniþjónustan norska mun hafa fengið málið inn á sitt borð tókst lögreglunni loksins að ráða dulmálið í skrifblokkinni sem fannst í ferðatösku Ísdalskonunnar. Það sem þar var skrifað kemur heim og saman við upplýsingar eyðublaðanna frá hótelum víðs vegar að – og reynist vera ferðaáætlun hennar um Evrópu. Þar reynast vera upplýsingar um ferðalög hennar og þar á meðal um Noreg vorið og haustið 1970.

Öllum fyrirspurnum rannsóknarlögreglumannanna, sem voru sendar til Interpol og til kollega um alla Evrópu, Norður-Afríku og í Mið-Austurlöndum, er svarað á sama hátt: Nöfnin og númer vegabréfanna leiða alla í öngstræti. Lýsing konunnar kemur ekki heim og saman við konur sem er saknað og lýst hefur verið eftir.

Tennur Ísdalskonunnar verða haldreipi lögreglunnar. Tíu af tönnum hennar eru með gullkrónu – en sérfræðingur lögreglunnar upplýsir strax að þær geti ekki hafa verið settar upp af tannlækni í Skandinavíu. Lögun þeirra og gerð benda til Austurlanda, eða hluta af sunnanverðri eða Mið-Evrópu, stendur skrifað í skýrslum sem NRK fer yfir. Nákvæmar er ekki hægt að staðsetja konuna út frá tönnum hennar og vísbendingin þokar málinu lítið áfram.

### Dánarorsök

Undir jól 1970 var rannsóknin í sjálfheldu. Krufning leiddi í ljós að Ísdalskonan hafði innbyrt stóran skammt af lyfinu Fenemal – sterku róandi og ávanabindandi lyfi – nokkrum klukkutímum áður en hún lést. Það er túlkað af lögreglu sem vísbending um að hún hafi framið sjálfsmorð, því hvernig átti að þröngva henni til að taka inn svo mikið magn lyfja gegn vilja sínum, er spurt.

Réttarlæknar komast að þeirri niðurstöðu að dánarorsökin sé af völdum lyfja- og kolsýringseitrunar. Brunasár gætu hafa haft sitt að segja.

Rétt fyrir jólin 1970 kallaði yfirmaður innan lögreglunnar í Bergen, Oskar Hordnes, til blaðamannafundar þar sem hann greindi frá stöðu rannsóknarinnar. Í stuttri yfirlýsingu segir hann málið óupplýst á meðan ekki takist að upplýsa hver Ísdalskonan var. Nokkrum dögum síðar bætir lögreglustjórinn, Asbjørn Bryhn, um betur og gefur afdráttarlausa niðurstöðu – sjálfsmorð.

### Spurningar og svör

Því er öllum grundvallarspurningum málsins enn ósvarað, nú 46 árum síðar. Hver var dularfulla konan í Ísdalnum? Hvað var hún að gera í Noregi? Af hverju dró hún síðast andann djúpt inni í hrjóstrugum dal – og brann þar ein til bana?

Fyrir marga lögreglumenn varð málið áfall sem þeir náðu aldrei að vinna úr. Þeir töldu sig hafa brugðist skyldum sínum með því að mistakast að bera kennsl á konuna í Ísdalnum. Sumir hverjir sættu sig aldrei við niðurstöðuna.

Margir eru sannfærðir um að Ísdalskonan hafi verið myrt. Kona sem gengur undir átta mismunandi nöfnum, dulbýr sig og skrifar hjá sér upplýsingar á dulmáli, ferðast borga á milli með nokkura daga millibili og skiptir um hótel ótt og títt – og finnst svo brunnin og afskræmd? Það dugir þeim til að hafna niðurstöðu lögreglunnar alfarið.

*Þýtt og endursagt: The Isdalen mystery/nrk.no. Höfundar: Blaðamennirnir Ståle Hansen, Marit Higraff, Øyvind Bye Skille, Eirin Aardal, Ellen Borge Kristoffersen og Bjørn Giertsen.*

**visir.is** Ítarlegri útgáfa greinarinnar má finna á Vísi.

## Ísdalskonan – rannsókn NRK í hnotskurn

**NRK hefur um margra mánaða skeið unnið við að fara í gegnum gögn málsins að nýju. Þetta er gert í virku samstarfi við lögregluyfirvöld. Allar upplýsingar sem rannsóknin leiðir í ljós eru birtar strax á vefsíðu NRK (nrk.no)**

**Staða verkefnisins nú:**

- Rannsóknarlögreglan í Noregi hefur rannsakað rithönd Ísdalskonunnar að nýju. Hún bendir til þess að hún sé menntuð í Frakklandi, Belgíu eða öðru frönskumælandi landi.
- Tæknilið vinnur að tveimur aðskildum rannsóknum á lífsýnum og tanngarði Ísdalskonunnar – sérstakar vonir eru bundnar við ítarlega DNA-rannsókn.
- Þessar rannsóknir snúa báðar að því að finna út úr því hvaðan Ísdalskonan kom. Niðurstaðna er að vænta fljótlega.
- **Desember 2015** hófust fyrstu upptökur og bakgrunnsvinna verkefnisins.
- **Apríl 2016** fékk NRK aðgang að málsgögnum rannsóknarinnar frá 1970.
- **Maí 2016** tókst Inge Morild, sérfræðingi í réttarmeinafræði, að ná erfðaefni úr lífsýnum Ísdalskonunnar sem geymd voru í vöruhúsi Gade-stofnunarinnar í Bergen.
- **Júní 2016** finnur Inge Morild tennur Ísdalskonunnar sem voru í hirslum Haukeland-spítalans í Bergen.
- **16. október.** NRK birtir fyrstu útgáfu sína af sögunni/rannsókninni um Ísdalskonuna.
- **1. nóvember** tókst að kortleggja DNA-prófíl Ísdalskonunnar úr lífsýnum hennar. Þar sem DNA-tæknin var ekki komin til skjalanna árið 1970 er vonast til að hægt sé að tengja sýnið við afkomendur eða ættingja Ísdalskonunnar – ef ekki beint við hana sjálfa í gagnabönkum.
- Sendar hafa verið út fyrirspurnir með niðurstöðum DNA-prófsins til nokkurra aðila í þeirri von að þrengja hringinn um hvaðan hún kom.

**15. nóvember** var ljóst að ómögulegt var að ná DNA-sýni úr tönnum Ísdalskonunnar.

**10. desember** liggja fyrir niðurstöður sérfræðinga um að leturgerð í skrift Ísdalskonunnar er af frönskum uppruna.

- Síðan umfjöllun NRK birtist lesendum hafa borist 80 ábendingar um málið á netfangið: **undersokendenett@nrk.no**

# Nýtt ár

Ný tækifæri



Við sendum landsmönnum nær og fjær okkar bestu jóla- og nýárskveðjur með þakklæti fyrir samskiptin á árinu sem er að líða.

PÓSTURINN

Landsvirkjun

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk fyrirtækisins er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

# Orka til framtíðar

Fyrir 80 árum var raflýsing nýlunda í Reykjavík og jólasteikin elduð á gas- eða kolaeldavélum. Með gangsetningu Ljósafossstöðvar árið 1937 var framboð á rafmagni á höfuðborgarsvæðinu fjórfaldað. Nú var til næg orka og borgarbúar gátu fengið Rafha rafmagnseldavél með rafmagnsáskriftinni. Nýtt tímabil í orkuvinnslu var hafið.

Framundan var krefjandi verkefni við að beisla orku náttúrunnar. Markmiðið var að skapa hagsæld og tryggja orkuöryggi fyrir stækkandi þjóð. Samhliða uppbyggingu iðnaðar í landinu varð atvinnulíf fjölbreyttara. Framsækin nýsköpunarverkefni tóku að spretta upp úr íslensku hugviti.

Í heimi þar sem krafan um nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa verður sífellt meiri er slík reynsla verðmæt auðlind. Landsvirkjun styður við þróun nýrra leiða til orkuvinnslu. Með þekkingu okkar og reynslu viljum við tryggja að endurnýjanleg orka og sjálfbær nýting færi Íslendingum orku til framtíðar.

**Við óskum landsmönnum öllum gæfu á nýju ári og þökkum farsælt samstarf á liðnum árum.**



Gagnvirka orkusýningin, Orka til framtíðar, er í Ljósafossstöð.
Opnunartíma og leiðarlýsingar má finna á **landsvirkjun.is/heimsoknir**.


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



Magnús Óskar og Lilja Dögg með börnin, Eystein, níu ára, og Signýju Steinþóru, sjö ára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Alltaf langað að láta gott af mér leiða

**Hún kom eins og ferskur vindur inn í stjórnmálin á vordögum þegar hún gerðist utanríkisráðherra íslenska lýðveldisins í umboði Framsóknarflokksins. Nú í haust var hún kjörin á þing. Lilja Dögg Alfreðsdóttir tók á móti blaðamanni Fréttablaðsins á heimili sínu.**


Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is




Lilja Dögg býr í raðhúsi í Fossvoginum með manni sínum, Magnúsi Óskari Hafsteinssyni hagfræðingi, og börnunum Eysteini, níu ára, og Signýju Steinþóru, sjö ára. Heimilið er jólaskreytt, Lilja segir Signýju Steinþóru eiga mesta heiðurinn af því. „Það þarf að vera jólaskraut alls staðar svo hún sé ánægð. Svo er Magnús líka mikill jólagaur,“ segir hún brosandi. Eitt af því sem athygli vekur er lítið útsaumað jólaveggteppi. „Ég saumaði þetta þegar ég var í Fellaskóla,“ segir Lilja sem ólst upp í Breiðholtinu og kveðst enn hafa taugar til hverfisins. „Það var gaman að vera barn í Breiðholtinu á áttunda og níunda áratugnum þegar það var að byggjast upp og var fullt af krökkum að leika sér úti frá morgni til kvölds,“ segir hún. „Fyrsta heimsóknin sem ég fór í sem ráðherra var í Fellaskóla. Ég var í þeim skóla allan grunnskólaaldurinn og er í góðu sambandi við útskriftarárganginn þaðan.

Nú reyni ég að fylgjast með málefnum barna af erlendum uppruna, þau eru mörg í Fellahverfinu. Það var öðruvísi þegar ég var að alast upp í Breiðholti þó félagsleg staða barna þar væri misjöfn, ég kynntist því vel á grunnskólaárunum. Þar bjó fólk með mismunandi bakgrunn og mismunandi fjölskyldusögu. Það jók mér víðsýni og er að mörgu leyti dýrmætari reynsla en að vera í hverfi með einsleitu mannlífi.“

Foreldrar Lilju eru Alfreð Þorsteinsson, fyrrverandi borgarfulltrúi og framkvæmdastjóri, og Guðný Kristjánsdóttir prentsmiður. Fæddist hún ekki með silfurskeið í munni? „Báðir foreldrar mínir þurftu að hafa fyrir sínu og ég er alin upp við að þau ynnu bæði úti, mamma var í umbroti hjá Tímanum. Ég var oft með foreldrum mínum í vinnunni, sérstaklega fylgdi ég pabba mikið. Ég tel mig gæfusama hvað mína æsku varðar,“ svarar Lilja og er næst spurð hvað hafi komið henni best í lífinu af því sem hún lærði í uppvextinum. Ekki stendur á svari: „Að axla ábyrgð og að koma fram við aðra eins og ég vildi að aðrir kæmu fram við mig. Það var leiðarljós í öllu sem fyrir mér var haft. Svo var talsvert mikill agi á heimilinu, jákvæður agi og líka mikil ástúð en maður þurfti að standa sína plikt.“

**Stolt af að vera kjörin á þing**

Eftir stúdentspróf frá MR fór Lilja í skiptinám til Suður-Kóreu þar sem hún stúderaði stjórnmálasögu Austur-Asíu. „Ég var hjá kóreskri fjölskyldu og ferðaðist svo um allt Kína eftir það með bakpoka,“ rifjar hún upp. Hún lauk BA-prófi í stjórnmálafræði við HÍ og meistaragráðu í alþjóðahagfræði í Kólumbíu og hefur reynslu af að búa í þremur heimsálfum. „Ég hef eytt tvennum jólum erlendis, fyrst í Seúl í Kóreu og svo bjuggum við Maggi með börnin í tvö ár í Bandaríkjunum og héldum þar ein jól. Bandaríkin eru auðvitað mikið jólaland og þar var yndislegt að vera með lítil börn en aðdragandinn var ekki eins mikill og hér á landi og ekki eins hátíðlegur. Það eru ákveðnir töfrar yfir jólunum hér vegna myrkursins, ljósin njóta sín svo vel og allar skreytingarnar. Ég elska þessar hátíðar í svartasta skammdeginu,“ segir Lilja og rifjar upp jólasögu frá æskuheimilinu. „Þegar ég var átta ára kom til okkar maður á aðfangadagskvöld sem ég hafði aldrei séð en honum hafði verið boðið af foreldrum mínum. Þá voru erfiðleikar í fjölskyldunni hans og pabbi hafði frétt að hann yrði einn. Svo var þessi maður hjá okkur næstu 25 árin á aðfangadagskvöld, alveg þangað til hann féll frá og hátíðleikinn sem fylgdi honum þegar hann kom inn í húsið, var einstakur. Svona finnst mér jólin eiga að vera, snúast um umhyggju, kærleika og samveru.“

Þó jólin hafi alltaf verið kærkomin í lífi Lilju þá voru þau það kannski sérstaklega nú því álagið í vinnunni hefur verið með meira móti. Hún er starfandi utanríkisráðherra og líka nýr þingmaður. Hvernig kann hún því?

> ÞAÐ ERU JÁKVÆÐAR HLIÐAR Á PÓLITÍKINNI EN LÍKA MJÖG NEIKVÆÐAR. STJÓRNMÁLIN VORU EKKI Á STEFNUSKRÁ HJÁ MÉR Í UPPHAFI ÞESSA ÁRS. BARA ALLS EKKI. EN SVO HAFA MÁLIN ÞRÓAST MEÐ ÞESSUM HÆTTI.

„Mér finnst það gaman. Ég er stolt af því að vera kjörinn fulltrúi á Alþingi Íslendinga og tek því mjög alvarlega. Það tekur tíma að setja sig inn í málin en sú vinna er skemmtileg og mikill lærdómur. Ég kom fyrst inn í þingið sem utanþingsráðherra og flutti mín mál, þannig að ég var ekki að koma í þingsal í fyrsta sinn í haust en nú var það í umboði þjóðarinnar. Viðvera ráðherra í þinginu verður samt alltaf aðeins minni en almennra þingmanna og af því ég er frekar samviskusöm vil ég vera í þinginu þegar þingfundur er en hef líka skyldur uppi í ráðuneyti.“

Hún segir fjárlögin hafa verið mikið til umræðu fyrir jólafrí. „Flestir vilja forgangsraða í þágu velferðarmála, ég þar á meðal. En ég viðurkenni að ég hef vissar áhyggjur af því að við séum stödd á þeim stað í hagsveiflunni að það sé verið að gefa í alls staðar auk þess sem krónan er að styrkjast. Önnur ríki auka sín útgjöld um tvö til þrjú prósent en við erum að gefa í um sjö prósent í nánast öllum málaflokkum. Samt er allt vitlaust. Eflaust er eitthvað sem við stjórnmálamenn erum ekki að gera rétt en kröfurnar eru heldur ekki raunhæfar. Við þurfum að vanda okkur og hugsa: hvar viljum við sjá hagkerfið okkar eftir fimm ár, eftir tíu ár, eftir tuttugu ár? Það sem vex svona gríðarlega hratt þarf ekki að vera sjálfbært.“

**Þurfum að vera á vaktinni**

Íslendingar búa við meira jafnrétti en þekkist víða annars staðar, að mati Lilju. „Það er búið að fjárfesta mikið í leikskólum og grunnskólum og allir hafa jafnt aðgengi að þeim. Mér finnst það mjög mikilvægt. Það eru ekkert mörg ríki í heiminum sem hafa svona góða leikskóla, við hugsum bara ekki út í það. Meginmunurinn á því að búa í Bandaríkjunum og á Íslandi er að hér hafa allir jafnan rétt að þessu leyti. Í Bretlandi og víðar er lúxus að senda börn á leikskóla. En auðvitað getum við gert enn betur. Launabilið er of mikið og við þurfum að vera á vaktinni. Tómstundir barna eru dýrar. Það er eitt af því sem fólk finnur fyrir og ég held að þar geti orðið aðstöðumunur en annars er frábært að vera með börn á Íslandi.“

Á mynd sem Lilja sýnir mér í tölvunni, og tekin var á Natófundi í Brussel um daginn, sést að allir utanríkisráðherrar Natóríkjanna eru karlar, nema sá íslenski. „Kynjajafnréttið á víða langt í land,“ bendir hún á. „En hér á landi eru jafn margar konur og karlar á þingi nú og sama er að segja í ríkisstjórninni. Ég var sjö ára þegar forsetakosningarnar voru 1980. Langamma mín var í jafnréttishreyfingu og studdi Vigdísi dyggilega. Ég var eitthvað að velta Alberti Guðmundssyni fyrir mér af því að hann var fótboltamaður og ég fór oft á völlinn með pabba. En amma sagði hreint út: „Lilja, þetta er í fyrsta sinn sem kona er í framboði og að sjálfsögðu styðjum við hana.“ Þessi skilaboð líða mér ekki úr minni, ég man enn hvar við sátum í sófanum í Skipholti þegar ég fékk þau.“

Lilja kveðst hafa tekið dóttur sína með í bæinn á kvennafrídaginn og á eftir rætt um launamun kynjanna við börnin og líkt honum við það að strákur fengi fleiri límmiða en stelpa fyrir sömu vinnu. „Eitt kvöldið vildi sonur minn lesa lengur fram eftir en ég taldi hollt, þó ég sé ánægð með að hann sé lestrarhestur. Þegar ég slökkti ljósið sagði hann að það væri ósanngjarnt eins og launamunur kynjanna. Það var þá það fyrsta sem honum datt í hug þegar honum fannst hann misrétti beittur.“

**Ætlaði að verða blaðamaður**

Faðir Lilju var stjórnmálamaður. Skyldi hana hafa dreymt um það í æsku að verða það líka?

„Ég ætlaði nú að verða blaðamaður, fannst það mjög áhugavert. Svo hefur mig alltaf langað að láta gott af mér leiða. Það eru jákvæðar hliðar á pólitíkinni en líka mjög neikvæðar og stjórnmálin voru ekki á stefnuskrá hjá mér í upphafi þessa árs. Bara alls ekki. En svo hafa málin þróast með þessum hætti,“ segir Lilja sem er órög við að taka málin í sínar hendur. Til dæmis brást hún við kennaraskorti í fimleikum með því að fara að kenna þá sjálf fyrir nokkrum árum. „Ég var í fimleikum sem barn og þegar krakkarnir mínir voru báðir að byrja í þeim vantaði kennara svo ég skellti mér á þjálfaranámskeið og var að kenna fimleika í að minnsta kosti eitt ár, mér fannst það mjög gaman, sérstaklega að vera með yngri börnin þegar þau voru að stíga sín fyrstu skref í þeirri íþrótt. Sjálf var ég grjóthörð í litla meistaraflokki Gerplu á sínum tíma. Signý Steinþóra er á fullu í fimleikum en Eysteinn nýhættur, hann hefur nóg annað að gera en ég hefði viljað hafa hann lengur því ég tel að fólk búi að fimleikaiðkun alla ævi.“

Lilja tekur fram að þau Maggi fái mikla hjálp frá foreldrum sínum í sambandi við fimleikaskutl og fleira, annars mundi dæmið ekki ganga upp hjá þeim. „Við fáum ómetanlega aðstoð,“ segir hún.

Nú vil ég vita eitthvað um Magnús og hvernig hún krækti í hann. „Ég kynntist Magga í afmæli hjá systur minni, Lindu Rós. Hann er með músík í blóðinu og var í pönkhljómsveit á sínum tíma, sem mér þótti svolítið skemmtilegt en framandi. Hann starfar í dag sem hagfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og hefur gert undanfarin ár. Við erum búin að vera saman í hér um bil 20 ár og höfum búið víða bæði hér heima og erlendis,“ upplýsir hún. Tími okkar í Bandaríkjunum með krökkunum þegar þau voru mjög ung var sérstaklega skemmtilegur!“

Þau Lilja og Magnús verða með stórt matarboð í kvöld, gamlárskvöld. „Við fáum fjölskyldur okkar beggja til okkar og verðum með íslenskan kalkún á ameríska vísu sem við eldum sjálf allan daginn. Þvílíka smjörstykkið sem fer í það að halda honum mjúkum og góðum! Mér finnst kalkúnn hentugur matur þegar maður er með svona marga, kannski 20 manns. Fyllingin er ekki síðri og það er skemmtilegt að búa hana til.“

Hún segir svona gamlárskvöldsboð bæði hefð og ekki hefð. „Við gerum þetta reglulega,“ segir hún. „Það er gaman að fá alla hingað. Húsið hentar vel, hér pallur og útsýni svo hægt er að fylgjast með flugeldunum ef veður leyfir.“

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 16–3536




# Gleðilegt nýtt ár

Fimmti hver Íslendingur á vinnumarkaði hefur atvinnu af iðnaði. Hjá aðildarfyrirtækjum Samtaka iðnaðarins starfar fagfólk á öllum sviðum sem gegnir veigamiklu hlutverki í að viðhalda öflugu samfélagi. Við sendum þeim og landsmönnum öllum okkar bestu óskir um gæfuríkt ár og þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.

SI Samtök iðnaðarins


Árið sem var að líða var ár strákanna okkar en næsta ár verður ár stelpnanna okkar.

# Völvan 2017

## Uppstokkun í ráðuneytum, umfangsmikið fíkniefnamál og enn betra íþróttaár en síðast

Árið 2016 var ekki ár Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrverandi forsætisráðherra og formanns Framsóknarflokksins.

Þá skiptir engu hvort mönnum finnst Ríkisútvarpið hafi níðst á góðum manni eða að Sigmundur Davíð hafi grafið eigin gröf. Eitt er ljóst. Ef ein jákvæð frétt verður skrifuð um Sigmund Davíð í miðlum landsins árið 2017 verður það stórfelld breyting frá því sem áður var.

### Sigmundur Davíð er sameiningartákn

Völvan telur að Wintris-mál Sigmundar hafi verið ákveðin blessun eftir allt saman. Wintris-málið færði okkur enda ýmislegt.

Guðna Th. Jóhannessyni skaut upp á stjörnuhimininn eftir að hafa setið í sjónvarpssetti um Wintris-vikna-skeið. Við getum þannig óbeint þakkað Sigmundi fyrir óumdeilda þjóðhöfðingjann með buffið á Bessastöðum.

Þingheimi virðist líka ágætlega við dýralækninn með hálsklútinn og þumalputtahringinn, forsætisráðherrann Sigurð Inga Jóhannsson. Samstarf flokka virðist ganga betur en áður.

Kosningum var flýtt vegna Sigmundar Davíðs og völvan fékk á tilfinninguna að íslensk pólitík væri hætt að líkjast trúarbrögðum. Vinir og vandamenn völvunnar kusu nýja flokka og gamla flokka en ekki sömu flokka og alltaf. Úrvalið varð meira. Fólk hætti að trúa í blindni. Úr urðu reyndar alls engin pólskipti á pólitískum vettvangi, en kannski er þessi þróun skref í rétta átt.

### Stjórnarkreppa er engin kreppa

Síðast en ekki síst má þakka Sigmundi Davíð stjórnarkreppuna sem er engin kreppa. Því Alþingi án ríkisstjórnar er þingheimur málamiðlana og samvinnu, betri vinnubragða og ólíklegustu skoðanabræðra. Þingið er betra án meirihluta sem veður yfir minnihluta á skítugum skónum.

### Húh!




Og þá að ferðamannastraumnum, máli málanna í íslensku samfélagi.

Vertinn á Hótel Adam á Skólavörðustíg sannfærði hótelgesti um að hið íslenska kranavatn væri ódrekkandi, en seldi hótelgestum sínum sama vatn átappað fyrir fúlgur fjár. Ónefndur maður í ónefndri sveit ætlar að rukka ferðamenn fyrir að gefa hestunum hans brauð.

Völvunni finnst spennandi að hugsa til þess við hverju ferðamenn verði varaðir á nýju ári. Íslenskum ungbörnum?

En það er ekki hægt að gera upp árið nema nefna það þegar við sameinuðumst öll – Sigmundur Davíð líka – í víkingaklappi til heiðurs strákunum okkar.

Íslenska landsliðið í knattspyrnu fór fram úr öllum væntingum; afgreiddi EM í Frakklandi með slíkum glæsibrag að Völvan sá ekki einu sinni úrslitin fyrir. Húh!

### Ár stelpnanna okkar

Árið sem nú er að líða var ár strákanna okkar í fótboltanum en næsta ár verður ár stelpnanna okkar í fótboltanum. Sara Björk Gunnarsdóttir mun eiga sitt besta ár á ferlinum. Hún vinnur tvo stóra titla með liði sínu Wolfsburg en það verður á EM í Hollandi þar sem stjarna hennar mun skína skærast. Sara verður umtöluð sem ein af bestu leikmönnum mótsins er íslenska liðið kemst óvænt í undanúrslit. Undir lok næsta árs verður hún svo réttilega kjörin Íþróttamaður ársins.

Strákarnir okkar í körfuboltanum gera mun betur en á síðasta Evrópumóti og vinna tvo leiki í riðlinum í Finnlandi. Martin Hermannsson heldur áfram að heilla alla með snilli sinni á vellinum. Hann verður besti leikmaður liðsins á EM og bíður með að semja við nýtt lið fram yfir mótið. Eftir Evrópumótið kemur svo frétt þess efnis að Martin sé búinn að semja við eitt af tíu bestu liðum Evrópu.

Golfstelpurnar okkar verða í sviðsljósinu á nýju ári. Það verður þó Valdís Þóra Jónsdóttir sem stelur senunni á Evrópumótaröðinni. Það mun taka Ólafíu Þórunni svolítinn tíma að fóta sig á mótaröð þeirra bestu en Valdís verður tvívegis á meðal efstu fimm í Evróputúrnum. Rígur þeirra mun ná nýjum hæðum þegar þær koma báðar heim og keppa á Íslandsmótinu í höggleik í sumar, og Valdís vinnur.

Strákarnir okkar í landsliðinu í knattspyrnu komast því miður ekki á HM í Rússlandi 2018. Með mikilli dramatík í lokaleiknum í riðlinum komast þeir í umspilið en falla aftur á þeirri hindrun þar sem þeir mæta einu af fjórum sterkustu liðum álfunnar.




Gylfi Þór Sigurðsson verður áfram skærasta stjarna íslenska boltans og Everton klárar dæmið sem því tókst ekki síðasta sumar og kaupir okkar mann á 30 milljónir punda.


Guðna skaut á stjörnuhimininn í kjölfar Wintris-málsins.



Óbeint má þakka Sigmundi Davíð ýmsa jákvæða þróun í stjórnmálum á árinu.


Upp kemur ósætti á meðal Baggalúta.

Handboltalandsliðið okkar veldur gífurlegum vonbrigðum á HM í Frakklandi í byrjun árs. Aron Pálmarsson nær aðeins að spila einn leik vegna meiðsla sem verður banabiti liðsins. Strákarnir vinna aðeins einn leik og fara í fyrsta sinn í Forsetabikarinn sem þeir vinna en enginn verður glaður yfir því, ekki einu sinni forsetinn okkar. Aron fær draum sinn uppfylltan næsta sumar þegar hann gengur til liðs við Barcelona.

Gunnar Nelson snýr aftur í búrið eftir langa fjarveru og verður aftur óskabarn þjóðarinnar. Hann berst þrisvar sinnum á árinu, alltaf við sterkari og sterkari mótherja og vinnur alla bardagana. Sigur hans á manni sem verður á meðal sjö efstu á styrkleikalistanum undir lok þessa árs fer langt með að fleyta honum í titilbardagann sem hann hefur svo lengi ætlað sér í.

### Leyndarmál og ósætti

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, dagskrárgerðarkona á Stöð 2, fær Edduna fyrir sjónvarpsþátt sinn, Leitina að upprunanum. Eitt það besta sem völvan hefur séð í íslensku sjónvarpi.

Hin ástföngnu Saga Garðarsdóttir leikkona og Snorri Helgason tónlistarmaður láta pússa sig saman.

Stofnmeðlimur Baggalúts yfirgefur hljómsveitina í skugga ósættis.

Emmsjé Gauti opinberar leyndarmál fyrir vinum og vandamönnum á vormánuðum sem ratar alla leið í slúðurdálka blaðanna.

Íslensk þáttagerð vekur athygli í útlöndum. Ófærð slær í gegn á Norðurlöndunum og endurgerð Réttar í Bandaríkjunum vekur athygli. Höfundarnir eru þeir sömu og skrifuðu síðustu seríu; Þorleifur Örn Arnarson og Andri Óttarsson.

Rapparinn Gísli Pálmi gefur óvænt út plötu á nýju ári. Sú ratar ekki einungis á topplista hér á landi heldur á vinsældalista um alla Evrópu. Hann fylgir henni eftir með tónleikaferðalagi um álfuna sem hann reyndar klárar ekki af óviðráðanlegum ástæðum.



Elma Stefanía Ágústsdóttir leikkona mun stela senunni í ár. Hún kemur til með að landa stóru hlutverki í erlendri kvikmynd á árinu.

Baltasar Kormákur kemur fram í viðtali og segir frá því að hann stefni á samstarf með heimsfrægri Hollywood-stjörnu. Sú hefur fengið Óskarsverðlaun.

Björk Guðmundsdóttir flytur til Íslands og heldur litla myndlistarsýningu í Reykjavík á eigin verkum á árinu. Verkin seljast upp samdægurs.

Kunnur rithöfundur gefur út aðra bók um líf sitt um næstu jól. Uppljóstranir úr bókinni munu hafa mikil áhrif á íslenskt samfélag.




Skúli Mogensen kynnir nýja unnustu fyrir þjóðinni á forsíðu Séð og heyrt um mitt ár. Sú er innanbúðarmanneskja í WOW. Samhent ákveða þau að færa út kvíarnar




ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

og WOW hefur flug til Asíu, mun fyrr en áætlað var. Þessi fljótfærni mun síðar draga dilk á eftir sér í rekstri félagsins.

Miklar væntingar verða til framlags Íslands til Eurovision í ár. Við komumst hvorki lönd né strönd í keppninni en söngvarinn vinnur hug og hjörtu landsmanna og er fagnað líkt og þjóðhetju við heimkomuna.

Gísli Marteinn Baldursson íhugar að breyta til. Pólitíkin er farin að kitla hann á nýjan leik. Hann daðrar við þá hugmynd að ganga til liðs við Viðreisn. Hann getur það ekki fyrr en hann fer frá RÚV. Viðreisn býður fram í næstu sveitarstjórnarkosningum í borginni sem eru ekki fyrr en 2018 og völvan skarpskyggna sér Gísla í einu af efstu sætunum.

## Minni ólga í stjórnmálum

Völvan spáir minni ólgu í stjórnmálunum á næsta ári en því síðasta. Þrátt fyrir tæpan meirihluta mun ríkisstjórn Viðreisnar, Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks vanda til verka. Andrúmsloftið í þinginu verður bærilegt. Sigurður Ingi Jóhannsson víkur úr forsætisráðherrastól og Bjarni Benediktsson tekur við.

Eitthvað verður um innanflokksátök innan Sjálfstæðisflokks. Mönnum finnst Bjarni ekki sýna nægilegan styrk í umgengni sinni við hina stjórnarflokkana tvo. Bjarni finnur sig óvænt í nýjum, bættari vinnubrögðum sem óhjákvæmilega felast í svo tæpum meirihluta.

Innanríkisráðuneytinu verður skipt upp í tvö ráðuneyti í nýrri þriggja flokka stjórn.

Lilju Alfreðsdóttur verður úthlutað formannssætinu í fjárlaganefnd gegn því að Framsóknarflokkurinn standi með tæpum meirihluta í stórum málum. Benedikt Jóhannesson mætir nokkurri gagnrýni fyrir vikið, að hann gangi á bak orða sinna eftir yfirlýsingar hans um að vilja ekki starfa með Framsóknarflokki.

Birgitta Jónsdóttir hættir á kjörtímabilinu af persónulegum ástæðum og inn kemur varamaður í hennar stað. Helgi Hrafn kemur sterkur inn í starf Pírata að nýju þegar Birgitta fer, enda er og hefur verið stirt þeirra á milli. Fylgi flokksins í könnunum rýkur upp, reyndar aðeins tímabundið, með auknum sýnileika Helga. Píratar verða öflugir í stjórnarandstöðu.

Gunnar Hrafn Jónsson Pírati snýr aftur á þing tvíefldur eftir erfiða baráttu við þunglyndi. Hann verður öflugur málsvari geðheilbrigðiskerfisins á þinginu ásamt Björt Ólafsdóttur, fyrrverandi formanni Geðhjálpar. Saman munu þau knýja á um nokkrar breytingar í þessu efni.

Óttarr Proppé og Björt Ólafsdóttir munu gegna veigamiklu hlutverki diplómata í nýrri ríkisstjórn því það örlar á tortryggni milli frændanna Benedikts og Bjarna.

Pólitísk spillingarmál verða áfram í deiglunni, stjórnmálamönnum til mikils vansa. Þar leikur Steingrímur J. Sigfússon lykilhlutverk. Hann neyðist til að íhuga stöðu sína alvarlega.

Völvan sér fram á enn frekari deilur innan VG. Eldri flokksmenn utan af landi eru ekki sáttir við framgöngu Katrínar Jakobsdóttur í stjórnarmyndunarviðræðum.



Hún hafi látið gullið tækifæri renna sér úr greipum með því að vera ekki jákvæðari í garð Bjarna Benediktssonar í stjórnarmyndunarviðræðum. Katrínu leiðist þegar eldri karlmenn segja henni fyrir verkum. Henni er boðið nýtt og spennandi starf í útlöndum á árinu sem hún þó afþakkar.

Upp kemst um umdeilt mál sem tengist Engeyjarætt þeirra Benedikts Jóhannessonar og Bjarna Benediktssonar, en þeir standa ágjöfina báðir af sér.

Einum ráðherra verður skipt út á árinu.

Von er á að minnsta kosti einu þingmannsbarni í lok árs.

Glímu Sigmundar Davíðs og Ríkisútvarpsins er hvergi nærri lokið. Hinn fyrrverandi forsætisráðherra mun ekki linna látum fyrr en óvinir hans í Efstaleiti biðjast afsökunar. Sigmundur Davíð mun þrábiðja um slíka afsökunarbeiðni. Honum hefur þegar verið neitað einu sinni.



Gísla Marteini Baldurssyni þykir mikið koma til Viðreisnar, nýs stjórnmálaafls.




Lögreglan fær alveg nóg á árinu og leggur niður störf.



Fleiri hneykslismál koma upp og neytendur gleyma þeim jafnharðan.

## Stofnanir og samfélagið

Neytendamálin voru fyrirferðarmikil á árinu. Völvunni blöskraði fregnir af Mjólkursamsölunni og framferði fyrirtækisins gagnvart keppinautunum, Örnu og KÚ. Þá vöktu blekkingar eigenda Brúneggja mikla athygli.

Íslenskir viðskiptamenn eiga stundum erfitt með að segja satt og neytendur keppast við að gleyma ofbeldinu á smásölumarkaði. Völvan spáir því að fleiri hneykslismál komi upp og að neytendur gleymi þeim jafnharðan.

Eitt umfangsmesta fíkniefnamál Íslands kemur upp. Lögreglan, í samstarfi við erlend lögregluyfirvöld, leggur hald á mikið magn fíkniefna. Málið teygir anga sína til Suður-Ameríku þar sem íslenskir góðkunningjar lögreglunnar halda til.

Miklar væringar verða á fjölmiðlamarkaði og eitthvað um samruna. Fréttatíminn skiptir um eigendur og Össur Skarphéðinsson sækist eftir ritstjórastöðunni af hvekktum Gunnari Smára Egilssyni.



Björn Ingi Hrafnsson, útgefandi DV og Vefpressunnar, fer út í enn frekari áhættusöm viðskipti til að bæta við fjölmiðlaveldi sitt. Það gengur ekki upp. Upp koma sögusagnir um að hann eigi ekki fyrir reikningum og launum. Þær eru á rökum reistar en Björn Ingi bjargar sér fyrir horn og heldur eftir DV.

Pétur Gunnlaugsson á Útvarpi Sögu verður sýknaður af ákæru um meint hatursummæli og að útvarpa hatursfullum ummælum hlustenda.

Lögregluþjónar rísa upp og hóta að leggja niður störf í sumar þegar metfjöldi ferðamanna sækir landið heim án þess að nokkrar ráðstafanir séu gerðar um aukafjárveitingar til löggæslu.

Alíslenskur gagnaleki verður á árinu og ráðuneytisstjórar og aðrir háttsettir embættismenn koma illa út. Málið mun draga dilk á eftir sér. Einhverjir þeirra þurfa að víkja og axla ábyrgð.

Sveitarfélögin Garður og Sandgerðisbær sameinast. Sameiningin hefst á síðari hluta ársins. Fleiri sveitarfélög íhuga það sama og mun sameining þessara tveggja sveitarfélaga verða spark í rass fámennra sveitarfélaga hvers rekstur gengur erfiðlega.

Pólitíkin í ráðhúsinu verður öllu hófstilltari nú þegar stjórnarandstaðan getur ekki bent á hörmulega rekstrarafkomu í borginni. Svo virðist sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sé loksins að blómstra. Ef hann hins vegar lagar ekki göturnar í borginni í sumar þá hefur völvan sjálf undirskriftasöfnun gegn honum.

## Eldgos og náttúran

Veturinn verður harður og snjóþungur, einkum fyrir norðan og vestan. Björgunarsveitir munu hafa í nægu að snúast. Seint í janúar gerir mikinn storm fyrir vestan. Talsverð eyðilegging verður í nokkrum bæjum sem verður erfiður biti fyrir sveitarfélög að kyngja.

Sumarið verður mjög gott og allir landshlutar munu fá sinn skerf af sól. Hitamet fellur fyrir norðan í ágúst. Rigningarkaflarnir sem við þekkjum hvert sumar munu þó enn taka á taugar landsmanna, sérstaklega á suðvesturhorninu.

Eitthvað verður um eldsumbrot undir jökli en óvíst um umfangið. Á sumarmánuðum mun jörðin opnast undan þrýstingnum.

Umferðarslys verða nokkru fleiri en á árinu sem er að líða. Ölvunarakstur eykst enn. Fjölgun slysa er ekki eingöngu hægt að skýra með fjölgun ferðamanna, heldur virðist landinn verða öllu kærulausari í umferðinni með batnandi efnahagsástandi.



Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
31. DESEMBER 2016 LAUGARDAGUR

# GLEÐILEGA HÁTÍÐ OG BESTU ÞAKKIR FRÁ ICECARE

**Icecare kynnir**

Icecare óskar landsmönnum gleðilegs árs og farsældar á nýju ári. Fyrirtækið lætur gott af sér leiða og styrkir hin ýmsu félög og þakkar stuðning viðskiptavina sem gerir það kleift.

Starfsfólk Icecare sendir landsmönnum öllum kveðjur um gleðilega hátíð og þakkar um leið fyrir viðskiptin á líðandi ári. Ólöf Rún Tryggvadóttir framkvæmdastjóri segir starfsfólk fyrirtækisins hafa sett sér það markmið að bjóða upp á vörur sem bæta heilsu fólks auk þess sem þau reyni að láta gott af sér leiða. „Á árinu höfum við hjá IceCare gefið af okkur til samfélagsins. Ljósið, sem er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra, fékk 548.700 krónur, átakið Bleika slaufan hjá Krabbameinsfélaginu fékk 304.800 krónur og Íþróttafélagið Fylkir fékk þrjú hundruð þúsund krónur.“

Ólöf nefnir einnig að í desember styrki fyrirtækið Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna en af hverjum seldum pakka af Bio-Kult í desember renna hundrað krónur til félagsins. Sú upphæð er komin í 358.100 krónur.

„Með stuðningi viðskiptavina okkar getum við látið gott af okkur leiða til samfélagsins. Okkur starfsfólki Icecare er annt um þeirra heilsu og óskum þeim og öðrum landsmönnum gleðilegs nýs árs um leið og við þökkum fyrir gott samstarf á árinu,“ segir Ólöf og brosir.

SKB



Þær Ásta Kjartansdóttir, Rósa María Óskarsdóttir og Ólöf Rún Tryggvadóttir hjá IceCare senda óskir til landsmanna allra um gleðileg jól og farsælt nýtt ár. MYND/VILHELM



Ólöf afhenti Kolbrúnu Silju Ásgeirsdóttur hjá Krabbameinsfélaginu 304.800 krónur í byrjun nóvember í tengslum við átakið Bleika slaufan. MYND/GVA




Ólöf hjá Icecare afhenti Ernu Magnúsdóttur hjá Ljósinu 548.700 króna styrk. MYND/STEFÁN





Fufanu kom fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í nóvember en sveitin hélt sína fyrstu tónleika á sömu hátíð árið 2014. MYND/GLAMGLARE

# HITTUM AÐALLEGA HRESST FÓLK

Meðlimir hljómsveitarinnar Fufanu hafa haft nóg fyrir stafni innanlands og erlendis árið 2016. Fram undan er útgáfa annarrar plötu sveitarinnar og tónleikaferðalög erlendis. Þeir bíða spenntir eftir viðbrögðum við nýju lögunum.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Árið 2016 er búið að vera ansi viðburðaríkt hjá meðlimum hljómsveitarinnar Fufanu. Sveitin skrifaði undir samning við breska útgáfufyrirtækið One little Indian snemma árs 2015 og hafa þeir Kaktus Einarsson, Guðlaugur Einarsson og Erling Bang gert fátt annað en að einbeita sér að hljómsveitinni síðan þá. Undanfarin tvö ár hafa þeir m.a. komið fram á nokkrum stórum tónlistarhátíðum í Evrópu, túrað lítillega um Bandaríkin og hitað upp fyrir m.a. Blur, The Vaccines, John Grant og Damon Albarn, söngvara Blur, sem gaf út sína fyrstu sólóplötu árið 2014. Í febrúar á næsta ári kemur svo loks önnur plata sveitarinnar út og mun bera nafnið Sports. Það er enginn annar en Nick Zinner, gítarleikari rokksveitarinnar heimsfrægu Yeah Yeah Yeahs, sem stýrði upptökum hennar.

Söngvari Fufanu, Kaktus Einarsson, segir þá félaga hlakka mikið til útgáfunnar og ekki síður að fylgja henni eftir. „Árið 2016 fór að mestu leyti í að fylgja frumburði okkar, Few More Days to Go, eftir. Við túruðum bæði Bretland og Evrópu auk þess að fara í skottúr til Bandaríkjanna þar sem við spiluðum m.a. hjá útvarpsstöðinni KEXP.“

Annars var aðalfókusinn hjá félögunum strax frá síðustu áramótum að vinna að nýrri plötu. „Því héldum við okkur heima yfir sumarið, spiluðum á íslensku hátíðunum og kláruðum plötuna okkar. Okkur var boðið að hita upp fyrir Radiohead þegar þeir spiluðu á Secret Solstice-tónlistarhátíðinni og það hentaði fullkomlega inn í dagskrána hjá okkur.“

## TÚRARNIR ERU GOTT STUÐ

Fufanu varð til árið 2014, stuttu áður en þeir komu fram á Iceland Airwaves-tónlistarhátíðinni. Fram að þeim tíma höfðu þeir Kaktus og Guðlaugur þó starfað saman í hljómsveitinni Captain Fufanu. Í kjölfar Airwaves-hátíðarinnar fengu þeir mikla athygli frá erlendu pressunni, sérstaklega bresku og bandarísku, sem hefur fylgst vel með þeim síðan. „Þetta tímabil er auðvitað búið að vera mikið stuð. Við erum samt svo rólegir að við höfum tekið hverjum tónleikum með sama hugarfari: að gera okkar besta og að vera viss ir um að við höfum gaman af. Það er alls konar fólk sem maður kynnist í leiðinni, allt frá leiðinlegum innanhússhljóðmönnum til snobbhausa. Við erum samt heppnir að vera umvafðir góðu fólki og hittum því aðallega gott, hresst fólk.“



Meðlimir Fufanu eru f.v. Guðlaugur Einarsson, Erling Bang og Kaktus Einarsson. Nýja platan er væntanleg í upphafi febrúar á næsta ári. MYND/ANTON BRINK

Halda mætti að ungir menn, sem hafa lifibrauð sitt af tónlistinni, lifi miklu glamúrlífi en svo er alls ekki. Tónlistin er fullt starf og meira til. „Það er oftast góð regla í vinnuvikunni, þó hún hafi verið meiri. Oft vinnum við í stúdíóinu frá kl. 10-18 á daginn, en svo koma hin og þessi verkefni inn sem geta riðlað því, myndbandsgerð, viðtöl og myndatökur sem dæmi. Túrarnir eru gott stuð, kannski mesta reglan á okkur þar: Vakna, load-in, hádegismatur, soundcheck, kaffi, viðtöl, kvöldmatur, gigg, load-out, stuð og sofa.“

## ÞROSKAÐRI PLATA

Sem fyrr segir kemur önnur plata sveitarinnar út í febrúar á næsta ári. Nú þegar hafa þeir gefið út tvær smáskífur af henni, Sports og Bad Rockets, en myndbandið við fyrra lagið hefur fengið mjög góða dóma. Aðspurður hvernig samstarfið við Nick Zinner, gítarleikara Yeah Yeah Yeahs, hafi komið til, segir Kaktus að Nick hafi gert remix af lagi af fyrstu plötunni sem lagðist mjög vel í þá félaga. „Í kjölfarið prófuðum við að vinna saman. Það virkaði mjög vel og það kom strax mjög góð dýnamík í samstarfið. Við unnum alla plötuna hérna á Íslandi, annars vegar í stúdíóinu okkar og svo í Hljóðrita í þremur törnum, frá síðasta vetri og fram á sumar, þar sem unnið var stíft að því að gera tónlist. Platan er mun þroskaðri en sú fyrri þar sem við leitum meira í elektróníska grunninn okkar og hljóðheimurinn er mun einbeittari. Við lögðum mikið í það að gera plötu, ekki smáskífur. Platan varð að hafa góða heild frá upphafi til enda og við teljum að við höfum náð því.“



Fufanu kom fram á CMJ Music Marathon í New York á síðasta ári.



Í London á leið að hita upp fyrir Blur.

Árið 2017 verður vafalaust viðburðaríkt og þar er eftirfylgni nýju plötunnar Sports efst á listanum. „Við förum í tónleikaferðalög hingað og þangað núna strax á fyrstu mánuðum ársins og sumarið er allt að smella saman. Við erum auðvitað bara spenntir að fara að spila nýju lögin og sjá viðbrögðin við plötunni.“

Fylgjast má með sveitinni á Facebook, Instagram og Twitter (@fufanumusic) og hlusta á tónlist þeirra Spotify og Soundcloud.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# atvinna

FRÉTTABLAÐIÐ



## Bókhald - áhugaverð störf

Erum að leita að bókhaldsfulltrúum fyrir traust fyrirtæki í hópi viðskiptavina Intellecta.

Óskað er eftir nákvæmum og samviskusömum einstaklingum með góða tölvukunnáttu og reynslu af færslu bókhalds. Í boði eru góð framtíðarstörf þar sem lögð er áhersla á fagmennsku og vönduð vinnubrögð.

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

## Framleiðslustjóri

Fyrirtæki í matvælaframleiðslu á höfuðborgarsvæðinu leitar að framleiðslustjóra.

Helstu verkefni eru stjórnun, vöruþróun, endurhögun framleiðsluferla, framleiðsluskipulagning og greining á framleiðsluþáttum. Leitað er að góðum stjórnanda með reynslu af sambærilegu starfi og viðeigandi tæknimenntun.

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is






Landsvirkjun

# Við óskum eftir skipulögðum og úrræðagóðum **stöðvarverði** í Fljótsdalsstöð

**Landsvirkjun leitar að vélfræðingi til að annast rekstur, eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja við Fljótsdalsstöð. Stöðvarvörður vinnur markvisst að auknu rekstraröryggi og hagkvæmni í rekstri og hefur eftirlit með að öryggiskröfum Landsvirkjunar og opinberra aðila sé framfylgt.**

- Vélfræði-, iðnfræði- eða tæknifræðimenntun
- Þekking á viðhaldi búnaðar í gufu-, loft-, kæli-, vökva- og rafkerfum
- Þekking á teikniforritum, iðntölvum og stjórnkerfum er kostur
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Geta til að kynna starf sitt og starfsvettvang fyrir hópum og einstaklingum
- Góð tölvukunnátta

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, landsvirkjun.is. Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir *(thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is)*. Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2017.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.





# Hafnsögumaður Faxaflóahafna sf.

## Auglýst er laust til umsóknar starf hafnsögumanns Faxaflóahafna sf.

Faxaflóahafnir sf. óska eftir að ráða til starfa hafnsögumann frá og með 31. mars 2017. Starfsstöð hafnsögumannsins verður í Reykjavík. Starfið felst aðallega í leiðsögu skipa á svæði Faxaflóahafna sf., skipsstjórn dráttarbáta, móttöku skipa og öðrum tilfallandi störfum.

**Nauðsynlegt er að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:**

- Skipstjórnarréttindi – CB (2. stigs skipstjórnarnám)
- Námskeið í Slysavarnaskóla sjómanna
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Góð tölvukunnátta

Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi. Hafnsögumenn Faxaflóahafna sf. sinna verkefnum á þeim stöðum. Unnið er á 12 klst vöktum allt árið.

Umsókn, ásamt ferilskrá sendist til Faxaflóahafna sf., á netfangið lilja@faxi.is eigi síðar en 16. janúar 2017. Þar sem í gildi eru ákvæði laga um hafnavernd þá er óskað eftir að umsækjandi geti lagt fram sakavottorð.

Nánari upplýsingar gefur Gísli Jóhann Hallsson yfirhafnsögumaður í síma 5258900.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Sérfræðingur við rannsóknir á veiðarfærum

Hafrannsóknastofnun leitar eftir sérfræðingi til starfa við rannsóknir á veiðarfærum. Starfið felst í þátttöku og skipulagningu á rannsóknar- og þróunarvinnu í veiðitækni, auk úrvinnslu gagna. Starfið er fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistarapróf eða hærri menntun úr rannsóknarmiðuðu háskólanámi æskileg.
- Reynsla af sjómennsku eða góð þekking á fiskveiðum æskileg.
- Góð tölfræðiþekking nauðsynleg.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu

Um er að ræða fullt starf með starfsstöð á Ísafirði. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar n.k.** Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Konur, jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is).

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.




# ARE YOU A BRAND COMMUNICATION SPECIALIST?

The Blue Lagoon is constantly growing and 2017 promises to be an exciting year

Apply if you are a highly competent brand communication specialist with extensive international experience and a thorough understanding of branding and marketing high quality brands and services.

- Excellent work spirit
- Trips and nice benefits
- Staff food from our chefs
- Free staff bus to work

BLUE LAGOON
ICELAND

## Bókasafns- og upplýsingafræðingur

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auglýsir eftir bókasafns- og upplýsingafræðingi. Stofnunin rekur öflugt rannsóknarbókasafn á fræðasviði Árnastofnunar sem þjónar starfsmönnum og gestum stofnunarinnar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Uppbygging og stjórnun safnkosts
- Aðföng bóka og tímarita
- Skráning og útlán í Gegni
- Þjónusta við starfsmenn og gesti
- Umsjón með lestrarsölum
- Umsjón með skjalasafni
- Umsjón með vefsíðum bókasafnsins á vef stofnunarinnar

**Hæfniskröfur:**
- MLIS-próf í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun
- Skráningarheimild í Gegni
- Reynsla af skjalastjórnun æskileg
- Góð íslensku- og tungumálakunnátta og færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölvufærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði og öguð vinnubrögð

**Um er að ræða fullt starf frá 1. febrúar 2017.**

Umsóknir skulu berast til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á rafrænu formi á netfangið kari.kaaber@arnastofnun.is eigi síðar en 6. janúar 2017.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Laun eru skv. kjarasamningum BHM og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Við ráðningar í störf hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðunni, www.arnastofnun.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólöf Benediktsdóttir (s. 525 4022, olof.benediktsdottir@arnastofnun.is).

# Staða deildarstjóra hjá Rauða krossinum í Hafnarfirði og Garðabæ

Stjórn Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ leitar að öflugum leiðtoga með góða samskiptahæfni og frumkvæði til að stýra deildinni.

Störf deildarinnar eru fjölbreytt og snúa helst að félagslegu öryggi. Þar á meðal eru félagsstarf og heimsóknir til hælisleitenda, heimsóknavinaverkefni og margt fleira.

Deildarstjóri starfar eftir lögum Rauða krossins á Íslandi og stefnu hreyfingarinnar. Helsta starfssvið er að framfylgja áætlunum og ákvörðunum stjórnar deildarinnar og að virkja sjálfboðið starf á starfssvæði hennar.

**Starf- og ábyrgðarsvið deildarstjóra**

- Daglegur rekstur deildarinnar
- Starfsmannahald
- Ábyrgð á starfsemi deildar gagnvart stjórn
- Gerð rekstraráætlunar í samstarfi við stjórn og umsjón stjórnarfunda
- Samskipti við landsskrifstofu Rauða krossins

**Helstu kröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking og áhugi á sjálfboðaliðastarfi og félagasamtökum æskilegur
- Reynsla af fjármálum og bókhaldi
- Stjórnunarreynsla
- Framúrskarandi samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Lausnamiðuð hugsun og frumkvæði
- Þekking á stefnumótunarvinnu
- Gott vald á íslensku og ensku

**Umsóknarfrestur er til 3. janúar 2017.**
Vinsamlegast sendið umsóknir og fyrirspurnir á **hafnarfjordur.gardabaer@redcross.is**.

RAUÐI KROSSINN ÍSLANDI



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 16-3654




# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Starfsm. í öryggis- og fræðslum. | Samgöngustofa | Reykjavík | 201612/1644 |
| Starfsmenn í efnateymi | Umhverfisstofnun | Rvk/Landið | 201612/1643 |
| Öryggisvörður | Stofnun Árna Magnússonar | Reykjavík | 201612/1642 |
| Dagskrárstjóri | Barnaverndarstofa, Stuðlar | Reykjavík | 201612/1641 |
| Lektor í fjármálum | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201612/1640 |
| Lektor í alþj.viðsk. og viðskiptafr. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201612/1639 |
| Læknaritarar | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Vestm.eyjar | 201612/1638 |

# Fræðsla og forvarnir



## SÉRFRÆÐINGUR Í ÖRYGGIS- OG FRÆÐSLUMÁLUM

**Samgöngustofa leitar að sérfræðingi í öryggis- og fræðslumálum.** Í starfinu felast fjölbreytt verkefni á sviði samgönguöryggis. Starfið felst í að fræða stjórnendur farartækja, rekstraraðila og almenning um öryggismál. Verkefnin eru meðal annars gerð fræðslu- og kynningarefnis, fræðsla í leik-, grunn- og framhaldsskólum og leiðsögn fyrir aðra sem sinna fræðslu um samgönguöryggi, viðhald fræðsluefnis á vef stofnunarinnar og á samfélagsmiðlum, svörun erinda um öryggismál, útsending fræðsluefnis, upplýsingagjöf og ráðgjöf um málaflokkinn, sem og almenn þátttaka í verkefnum deildarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á myndvinnslu og grafískri hönnun er kostur
- Reynsla af fræðslu og forvarnarstarfi er kostur
- Reynsla af miðlun upplýsinga og efnis á samfélagsmiðlum er kostur
- Gott vald á íslensku og færni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti
- Góð kunnátta í ensku og þekking á a.m.k. einu Norðurlandamáli er kostur
- Viðkomandi þarf að búa yfir miklu frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, frumleika, hugmyndaauðgi og hafa sérlega góða samstarfs- og samskiptahæfileika
- Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur og jákvæður

Í boði er áhugavert starf með fjölbreyttum verkefnum þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín.

**Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2017**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **www.samgongustofa.is/storf**

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Gunnar Geir Gunnarsson,** deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar, í síma **480 6000**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staðan losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Samgöngustofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Samgöngustofa hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um þessa stöðu.

**Hjá Samgöngustofu starfa um 140 öflugir starfsmenn sem hlakka til þess að þú bætist í hópinn. Lagt er upp með jákvæðan og skemmtilegan starfsanda, frumkvæði og þátttöku, auk þess sem mötuneytið er frægt fyrir frábæran mat. Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála og annast eftirlit með flugi, siglingum og umferð. Á hverjum degi erum við að læra hvert af öðru og sinna viðskiptavinum af kostgæfni með það að markmiði að verða betri og betri.**

**Frekari upplýsingar** um Samgöngustofu er að finna á vef stofnunarinnar **www.samgongustofa.is**

Samgöngustofa

samgongustofa.is | Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 16-3764

## Reykjavíkurborg
### Velferðarsvið

# Vilt þú taka þátt í spennandi verkefni og hafa áhrif á þróun samþættrar heimaþjónustu í Reykjavík?

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitar eftir kraftmiklum stjórnanda til að leiða þróun í heimaþjónustu inn á heimili í Vesturhluta borgarinnar.

**Deildarstjóri á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða – samþætting félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar.**
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi í starf deildarstjóra heimþjónustu til að stýra samþættri heimþjónustu. Við samþætta heimaþjónustu starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, félagsráðgjafar og fleiri fagstéttir með það að markmiði að veita örugga og góða þjónustu við fólk í heimahúsum.
Markmið samþættrar heimahjúkrunar og heimaþjónustu er að veita þjónustu til íbúa, einfalda aðgengi að þjónustu til einstaklinga í heimahúsum, til að einstaklingur geti verið eins lengi heima og mögulegt er.
Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Stýra og bera ábyrgð á faglegu starfi, vinnubrögðum, uppbyggingu og skipulagi í heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu í vesturbyggð borgarinnar.
- Ábyrgð á þverfaglegu samstarfi og samþættingu.
- Fagleg stýring dagdeilda í hverfinu.
- Hafa yfirsýn yfir starfsemi og tryggja jafnræði og samræmi í þjónustu innan hverfis.
- Ábyrgð á starfsmannahaldi, fyrirkomulagi starfa og rekstri.
- Tryggir að framkvæmd þjónustu í starfsemi þjónustumiðstöðvar sé framúrskarandi og í samræmi við stefnu, leiðarljós og markmið velferðarsviðs.
- Tekur þátt í stjórnendateymi þjónustumiðstöðvarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Hjúkrunarfræðingur með íslenskt hjúkrunarleyfi
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla sem hjúkrunarfræðingur.
- Þekking og reynsla af stjórnun.
- Æskileg þekking og reynsla af þjónustu í heimahúsi.
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, frumkvæði, skipulagnhæfni og sjálfstæði í starfi.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og æskileg kunnátta á ensku.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigþrúður Erla Arnardóttir í síma 411 1600 eða með því að senda fyrirspurn á sigthrudur.erla.arnardottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/storf**
**Umsóknarfrestur er til 15. janúar. nk.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.**

---

## TRAUSTI fasteignasala

# Löggiltur fasteignasali eða nemi óskast til starfa

Trausti fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema til starfa.
Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst.

**Tekið er við umsóknum og frekari uppýsingar veittar á netfanginu kristjan@trausti.is**

Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

---

## SÓLVANGUR

# Matreiðslumaður

Sólvangur hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa.

Starfshlutfall er 90% eða eftir nánara samkomulagi.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Kristján Sigurðsson í síma 618 - 9200.

Umsóknir skal senda á netfangið:
***ingibjorgk@solvangur.is***

---

# LÁTTU LJÓS ÞITT SKÍNA!

Vegna aukinna umsvifa í ljósleiðarauppbyggingu leitar S.Guðjónsson að starfsmanni á ljósleiðara- og tölvulagnasviði fyrirtækisins. Um er að ræða áhugavert og krefjandi starf hjá lifandi og skemmtilegu fyrirtæki.

**STARFS- OG ÁBYRGÐARSVIÐ:**
- Sala, þjónusta og tilboðsgerð á ljósleiðurum.
- Innkaup og samskipti við birgja.
- Tæknileg aðstoð.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**
- Mikil þekking á ljósleiðurum og fylgibúnaði.
- Góð þekking á tölulagnastrengjum (kopar CAT5, CAT6 o.sv.frv).
- Tæknifræðimenntun og/eða mikil reynsla í lagningu strengja er kostur.
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í rituðu og töluðu máli.
- Þekking á Navision er kostur.

S.Guðjónsson er öflugt innflutningsfyrirtæki sem starfar aðallega á fagmarkaði. Fyrirtækið hefur yfir 50 ára sögu í sölu á sérhæfðum rafbúnaði, tölvulagnaefni, ljósleiðara og lýsingabúnaði. S.Guðjónsson hefur þrjú ár í röð hlotið nafnbótina „Fyrirmyndar fyrirtæki" í Vinnumarkaðskönnun VR. Þá er fyrirtækið jafnframt „Framúrskarandi fyrirtæki" samkvæmt tilnefningu Creditinfo.

Umsóknarfrestur er til og með 9. janúar 2017. Nánari upplýsingar um starfið veitir Skarphéðinn Smith, skarpi@sg.is (hægt að senda umsóknir í þetta netfang).

2015 Framúrskarandi fyrirtæki | VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

SMIÐJUVEGUR 3 | SÍMI: 520 4500 | WWW.SG.IS
200 KÓPAVOGUR | FAX: 520 4501 | SG@SG.IS

S·GUÐJÓNSSON

---

## HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

# Sérfræðingur til rannsókna á vistfræði fjarða

Hafrannsóknastofnun óskar eftir sérfræðingi til rannsókna á vistfræði fjarða í tengslum við uppbyggingu fiskeldis. Starfið felst m.a. í framkvæmd rannsókna á eðlis- og efnafræði fjarða og vöktun á áhrifum fiskeldis á vistkerfi fjarðanna. Starfið er fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistarapróf eða doktorspróf æskileg.
- Menntun á sviði haffræði, umhverfisfræði eða samsvarandi með áherslu á efnafræði æskileg.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu.

Um er að ræða fullt starf með starfsstöð á Ísafirði. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar n.k.** Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is) og Héðinn Valdimarsson, sviðsstjóri umhverfissviðs (hedinn.valdimarsson@hafogvatn.is) sími 575 2000.
Jafnt karlar sem konur, eru hvött til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.

---


Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

www.capacent.is

## Starfskraftur

Óskum eftir að ráða starfskraft í akstur, þrif og standsetningu bifreiða. Ökuleyfi skilyrði

**Bílahöllin – Bílaryðvörn hf, Bíldshöfða 5,**
**sími 587-1390, jon@bilahöllin.is**

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**

- Leikskólakennari í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Kópahvol
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka

**Velferðasvið**

- Starfsmaður í félagslega heimaþjónustu

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is

## Vegna aukinna umsvifa hjá Vélfangi leitum við eftir nýjum liðsfélaga í 50 % starf á skrifstofu félagsins í Reykjavík.

**Helstu störf:**

Bókhaldsvinna
Útsending reikninga
Innheimta
Afstemmingar
Símsvörun og önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**

Reynsla af bókhaldsstörfum
Reynsla í DK kostur en ekki skilyrði
Almenn tölvukunnátta
Kunnátta í ensku máli, töluðu jafnt sem rituðu
Góð mannleg samskipti ásamt gleði og kátínu

Hvetjum konur jafnt sem karla, unga jafnt sem aldna til að sækja um.

**Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið eyjolfur@velfang.is fyrir 5. janúar 2017. Nánari upplýsingar um starfið gefur Eyjólfur í s. 580-8200**

**Gott væri ef viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst.**

VÉLFANG Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200
Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.velfang.is

Vélfang ehf er ört vaxandi fyrirtæki á sviði landbúnaðar og vinnuvéla. Hjá fyrirtæki okkar vinna 20 samhentir og kátir starfsmenn á starfstöðvum okkar í Reykjavík og Akureyri. Vélfang leggur mikla áherslu á góða þjónustu og góð samskipti við viðskiptavini sína. Helstu vörumerki okkar eru JCB, Claas, Fendt, Kuhn, Kverneland ofl.

ÁL-DÓSIR GLER-FLÖSKUR PLAST-FLÖSKUR

## Endurvinnslan óskar eftir starfsmanni í hlutastarf í flöskumóttöku á Dalvegi

**Fjölbreytt starf í boði á góðum og traustum vinnustað.**

Vinnutími er 12:30 – 18:00 og einhverja laugardaga. Íslenskukunnátta skilyrði.
Konur jafnt sem karlar hvattir til að sækja um.
Vinsamlegast sendið umsóknir á evhf@evhf.is

Endurvinnslan hf. var stofnuð árið 1989. Endurvinnslan sér um móttöku allra einnota drykkjarvöruumbúða hérlendis, greiðir út skilagjald þeirra, undirbýr þær til útflutnings og selur til endurvinnslu. 60 umboðsaðilar starfa fyrir félagið um allt land.

**www.endurvinnslan.is**

Flöskumóttaka
Endurvinnslan

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Verkefnisstjóri bataskóla

**Hefur þú eldmóðinn, seigluna og færnina til að stofna og reka nýjan skóla?**

Geðhjálp og Reykjavíkurborg auglýsa eftir ástríðufullum verkefnisstjóra til að vinna að stofnun og rekstri bataskóla (Recovery College) á Íslandi. Bataskólar byggja á samvinnu ólíkra sérfræðinga og jafningjafræðara við að byggja upp og miðla árangursríku námsefni til notenda geðheilbrigðiskerfisins, almenna heilbrigðiskerfisins, aðstandenda og fagfólks gagnvart geðrænum veikindum. Markmið skólans er að auka innsæi, stuðla að innihaldsríkara lífi og aukinni þátttöku notenda heilbrigðiskerfisins í samfélaginu ásamt því að auka þekkingu og draga úr fordómum. Stefnt er að því að hefja formlega starfsemi bataskólans haustið 2017. Æskilegt er að verkefnisstjóri bataskólans geti hafið störf eigi síðar en 1. febrúar 2017.

**Helstu verkefni**

- Þátttaka í þróun og uppbyggingu bataskóla í Reykjavík.
- Kynning á starfsemi skólans til samstarfsaðila og nemenda
- Ráðning ólíkra sérfræðinga og jafningjafræðara.
- Stuðningur við þróun námsefnis og kennslu.
- Yfirumsjón með skólastarfi og daglegum rekstri skólans.
- Ábyrgð á þróun, árangursmælingum og gæðaeftirliti.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfileikar, lipurð og einstök hæfni í mannlegum samskiptum.
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Brennandi áhugi á geðheilbrigðismálum, kostur að búa yfir eigin reynslu.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Reynsla af stefnumótun, áætlanagerð og verkefnisstjórnun.

Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfi viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 16.janúar 2017.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Iðunn Antonsdóttir í síma 6648603 og tölvupósti idunn.antonsdottir@rvkskolar.is og Anna Gunnhildur Ólafsdóttir í síma 6939391 og tölvupósti ago@gedhjalp.is. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, ***www.reykjavik.is/storf***

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**


# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

**Hjúkrunarheimili**
Hlíðarhúsum 7.
112 Reykjavík.
Sími. 522 5700.
www.eir.is



# Hjúkrunarfræðingar óskast

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á Eir hjúkrunarheimili í Grafarvogi. Um er að ræða morgun-, kvöld- og helgarvaktir. Vaktafyrirkomulag og starfshlutfall samkomulagsatriði.

**Nánari upplýsingar veita:**
Kristín Högnadóttir forstöðumaður hjúkrunar og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma: 522 5700

Umsóknir með felilskrá má senda á edda@eir.is umsóknir auðkenndar með: **„Hjúkrun janúar 2017“**

# HEIMAHÚSIÐ LEITAR EFTIR DUGLEGUM SÖLUMANNI

Heimahúsið er sérverslun með húsgögn og gjafavöru. Við óskum eftir að ráða sölumann með fágaða og glaðlega framkomu og góða þjónustulund í verslun okkar. Um er að ræða hlutastarf.

## HÆFNISKRÖFUR

Reynsla í sölumennsku og áhugi á innanhússhönnun
Góð íslensku- og enskukunnátta
Góð almenn tölvukunnátta
Vera 25 ára eða eldri
Við leggjum áherslu á stundvísi, snyrtimennsku og reglusemi

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á valur@heimahusid.is. Umsóknarfrestur er til 7. janúar.

**HEIMAHÚSIÐ**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16



# Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein,
raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða
rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27 mánudaginn 2. janúar 2017 kl. 17:00.

"Ertu í stuði?" er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.rafnam.is - Raunfærnimat eða í síma 580 5252**

# RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

# RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

# RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is



# OKKUR VANTAR FLEIRI FRÁBÆRA STARFSMENN

## VAKTSTJÓRAR

Undir verksvið vaktstjóra fellur ábyrgð á störfum og skipulagi innan vaktar, afgreiðsla og sala, vörumóttaka og þjónusta við viðskiptavini.

## ÚTIFÓLK

Fjölbreytt afgreiðsla, þjónusta og samskipti við viðskiptavini á útisvæði, tiltekt, þrif og annað tilfallandi.

## AFGREIÐSLA

Störfin fela í sér almenna afgreiðslu, áfyllingar vöru, vörumóttöku, þrif, þjónustu við viðskiptavini og annað tilfallandi.

## GRILLARAR Á GRILL 66

Veitingastörf þar sem viðkomandi þurfa að geta sérhæft sig í að steikja og útbúa okkar girnilegu Grill 66 borgara og annan skyndibita.

## „BÁTAFÓLK“ Á QUIZNOS

Veitingastörf þar sem viðkomandi þurfa að geta sérhæft sig í að útbúa þessa vinsælu og eftirsóttu báta.

**Leitað er eftir starfsmönnum á þjónustustöðvar Olís um allt land og er vinnutími afar fjölbreyttur, allt frá hlutastarfi yfir í fullt starf.**

**Nánari upplýsingar má finna á olís.is, en umsóknarfrestur er til 10. janúar nk.**

Olís er traust félag þar sem lögð er áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð. Þar ríkir góður starfsandi, starfsmenn njóta betri kjara á vörum og þjónustu og mikil tækifæri eru til vaxtar í starfi.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Olís hlaut á árinu hæstu einkunn viðskiptavina eldsneytisfyrirtækja í Íslensku ánægjuvoginni.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

Olís hefur hlotið jafnlaunavottun PwC, sem þýðir að karlar og konur fái sambærileg laun fyrir sambærilega vinnu.

olis.is

Vinur við veginn

# Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

Starfsfólk Eignamiðlunar



EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Sala fasteigna frá 1957

Elsta starfandi fasteignasala landsins

## Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



**Ingólfur Geir Gissurarson**
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
**896 5222**



**Heiðar Friðjónsson**
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
**693 3356**



**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
**694 6166**



**Úlfar F. Jóhannsson**
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.



**Margrét Sigurgeirsdóttir**
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
**588 4477**



**Pétur SteinarJóhannsson**
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
**893 4718**



**Anna F. Gunnarsdóttir.**
Lita og innanhús Stílisti.
Í Löggildingarnámi
**892 8778**



**Sturla Pétursson**
Löggiltur fasteignasali
**899 9083**

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

**Síðumúla 27 | Sími 588 7744 | www.valholl.is**

*Óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegs árs.*

*Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu.*

*- Starfsfólk Valhallar fasteignasölu.*

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.



## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is


NÝJA-LAUGARDALSHÖLLIN 31. JÚLÍ
RED HOT
CHILI
PEPPERS
pepsi MAX
MIÐASALA Á MIÐI.IS · WWW.SENA.IS/RHCP
sena
LIVE!

## BÍLAR & FARARTÆKI


BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**FLYTUR FYRIR ÞIG FJÖLL**
'08 VW CRAFTER LT3 MILLIHÁR. EK 128 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...CRAFTER Í ÞESSUM!!! ÁSETT 1.880 ÞÚS. #452298. S: 580 8900

sími utan opnunartíma 695 2015



**SPRETTUR AF STAÐ!!!**
'11 M.BENZ SPRINTER. EK 147 Þ.KM, DÍSEL, BEINSK...KÓNGURINN Í FLUTNINGUM!!! ÁSETT 2.480 ÞÚS. #480011. S: 580 8900

sími utan opnunartíma 695 2015



**SKRIÐDREKINN!!!**
'12 TOYOTA LC 200 VX 7 MANNA. EK 73 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK...ÞÚ RUGLAR EKKI Í ÞESSUM!!! ÁSETT 12.880 ÞÚS. #452271. S: 580 8900 sími utan opnunartíma 695 2015

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppboð.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**


### Bílar til sölu



**GJAFABRÉF FRÁ ÚRVAL ÚTSÝN FYLGIR!!**
Til sölu Toyota Corolla 2004 árgerð. Sjálfskipt. Einn eigandi. Gjafabréf frá Úrval Útsýn upph 100.000 fylgir. Verð 490.000-kr. Uppl. í s. 779 2416

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar


VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.


## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 8676677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

### Barnavörur



**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Óskum eftir vönum kranamönnum mikil vinna í boði. uppl.s: 8952220









OPIÐ 24 TÍMA

# OPIÐ Í ICELAND UM ÁRAMÓTIN

**31. DESEMBER, GAMLÁRSDAGUR:**
**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**

**1. JANÚAR, NÝÁRSDAGUR:**
**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**

*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*

## Gleðilega hátíð, starfsfólk Iceland

Iceland

**2016 gert upp**





# *Geðrof.* Fucboi. *Random.*

Bergur Ebbi Benediktsson gerir upp árið 2016. „Játning. Þetta er grein sem gerir upp árið 2016 en ég er ekki búinn að melta viðburði ársins enn þá. Það er kannski huggun harmi gegn að ég er líklega ekki einn um það. Enginn skilur hvaða öfl réðu ferðinni á árinu 2016. Hvar á ég að byrja? Ég get svo sem alveg eins byrjað í Síberíu.“

Fyrir framan mig er mynd af 26 ára gömlum Rússa. Þegar ég leit fyrst á myndina hélt ég að þetta væri Justin Bieber. Maðurinn er í hvítum stuttermabol, með aflitað hár og derhúfu og upp eftir hálsi hans er stórt húðflúr. Ástæða þess að ég virði fyrir mér þennan mann er vegna þess að ég held að nákvæmlega þessi maður, Vladimir M. Fomenko, sé lykillinn að árinu 2016.

## Fucboi. Freðmýri.

Þann 27. september á þessu ári birtist á vefsíðu New York Times frétt eftir blaðamanninn Andrew E. Kramer með fyrirsögninni A Voice Cuts Through, and Adds to, the Intrigue of Russia's Cyberattacks. Það er eitthvað við þessa fyrirsögn sem ég tel einkennandi fyrir okkar tíma, einkum þetta ár. Í raun segir fyrirsögnin lítið annað en Einhver segir eitthvað sem eykur á dulmagn stóru sögunnar. Í greininni er því lýst hvernig Bieber-útlítandi Rússinn Vladímír M. Fomenko, sem býr í bænum Biysk í Síberíu, nálægt mongólsku landamærunum, tengist netárásum rússneskra yfirvalda á tölvukerfi í Þýskalandi, Tyrklandi, Úkraínu og Bandaríkjunum, netárásum sem hömluðu eðlilegri framkvæmd lýðræðisins í öllum þessum ríkjum. New York Times lýsir tengslum Fomenkos við þessi öfl þannig að hann hafi leigt út netþjóna sem hakkarar á vegum rússneskra yfirvalda notuðust við þegar þeir frömdu afbrot sín. Sá hluti frásagnarinnar sem þykir fréttnæmur er fullyrðing Fomenkos um að bandaríska alríkislögreglan, FBI, hafi aldrei óskað eftir upplýsingum frá sér.

Það er ekki hægt að lesa þessa grein öðruvísi en þannig að aflitaður rússneskur fucboi gæti leitt okkur í sannleikann um ásakanir sem tengjast afdrifaríkustu viðburðum ársins, sem er kjör Donalds Trump sem forseta Bandaríkjanna og hugsanleg afskipti rússneskra yfirvalda af því. En við fáum ekki að vita sannleikann um það mál. Við fáum bara að vita nógu mikið til að halda okkur spenntum. Einhver segir eitthvað sem eykur á dulmagn stóru sögunnar. Þannig eru flestar fréttir. Fjölmiðlar tengja ekki lengur við frumkraft atburðanna.

## Hver leiðir? Hver lak?

Einn afdrifaríkasti atburður ársins voru uppljóstranir vegna Panamaskjalanna. Fjölmiðlar stóðu sig vel. Þeir undirbjuggu málið og uppljóstranirnar voru kynntar með miklum þunga sem meðal annars setti íslenskt stjórnmálalíf og stjórnskipan á hliðina. Segja má að bæði núverandi forsætisráðherra Íslands og forseti lýðveldisins sitji nú í embættum sínum vegna atburðarásar sem fór af stað með Panamalekanum. Það má einnig með gildum rökum segja að á Íslandi ríki nú stjórnarkreppa vegna sömu ástæðu. En hver lak Panama-skjölunum og hvers vegna? Auðvitað munu blaðamenn aldrei ljóstra upp um það, en spurningin hlýtur að eiga rétt á sér því þessi einstaklingur gæti með réttu talist valdamesti maður veraldar. Uppljóstrarinn er kallaður John Doe og hvorki blaðamenn Süddeutsche Zeitung né Alþjóðasamtök rannsóknarblaðamanna segjast vita hver hann sé. Sjálfur segir hann í yfirlýsingu sem birtist 5. maí 2016 að hann hafi lekið gögnunum vegna þess að hann vilji berjast gegn ójafnrétti í heiminum og þar við situr. Kannski var lekinn bara eins og svo margt annað sem einkennir okkar tíma: tilviljunarkenndur; random. Hluti af lögmáli sem segir að allt sem geti gerst muni gerast.

Þetta útskýrir hvers vegna Bretar kusu sig úr Evrópusambandinu eða Bandaríkjamenn kusu Donald Trump sem forseta, þrátt fyrir að yfirgnæfandi meirihluti skoðanamyndandi fjölmiðla og menntamanna mæltu gegn því. Það er vegna þess að þrátt fyrir allar doktorsgráðurnar á ritstjórnarskrifstofu New York Times þá er fólk þar á bæ alveg jafn ráðvillt og Walmart-liðið í Wisconsin. Báðir þessir aðilar stara á mynd af aflituðum Rússa og klóra sér í hausnum og það er þessi óvissa sem smitar út frá sér þannig að tugum milljóna kjósenda er sama hvað stendur í forystugreinum fjölmiðla og vilja frekar láta Justin Bieber eða Kanye West leggja sér lífsreglur en menntafólk. Hvers vegna ekki? Ef aflitaður Rússafucboi er hugsanlega með svör við stærstu spurningum alþjóðapólitíkur þá má Justin Bieber alveg vera spámaður númer tvö. Og hann er það.

Auk Panamaleka hefur fátt haft jafn mikil áhrif á íslenskt þjóðlíf undanfarið ár og ásókn erlendra ferðamanna. Þeir koma nú í stríðum straumum frá Kína, Kanada og Bandaríkjunum og vilja sjá flugvélina á Sólheimasandi þar sem Bieber brettaðist í myndbandi sínu við lagið „I'll Show You“ sem 330 milljónir hafa horft á. Auðvitað spila þúsund aðrar ástæður inn í ásókn ferðamanna til Íslands, þar á meðal skipulögð markaðssetning og vonandi eitthvert innihald. En stundum er óþægilegt að hugsa til þess að einn tattúeraður náungi með hjólabretti geti skapað svo mikla athygli. Því athygli er sterkt afl. Athygli breytir þjóðum. 2016 var árið sem Ísland tapaði ákveðnu sakleysi vegna þess hve athyglin var mikil. Því það er sérstakt að fylgjast með fólki frá fjarlægum álfum ráfandi upp og niður Bankastrætið í leit að dulmagni og merkingu í alþjóðavæddum heimi. Það er sérstakt að fylgjast með sigurför víkingaklappsins eða að heyra útlendinga lýsa ferð í Laugardalslaugina sem trúarlegri reynslu. Og það verður að viðurkennast að það er næstum óþægilegt að Ísland sé hluti af því merkingarleysis-taugaáfalli og random-rugli sem veröldin er nú stödd í. Og auk þess var sum athygli neikvæð eins og þegar fjölmiðlar heims fluttu fréttir af því að nöfn þriggja ráðherra í ríkisstjórn landsins kæmu fyrir í Panamaskjölunum. Það leit ekkert sérstaklega vel út því við Íslendingar höfum hingað til getað bent á aðrar þjóðir og sagt: sjáið þessa spilltu veröld. Svona gerum við ekki hér. Við erum heiðarleg.





**Skjáskot af grein NY Times: „Það er ekki hægt að lesa þessa grein öðruvísi en þannig að aflitaður rússneskur fucboi gæti leitt okkur í sannleikann um ásakanir sem tengjast afdrifaríkustu viðburðum ársins, sem er kjör Donalds Trump sem forseta Bandaríkjanna og hugsanleg afskipti rússneskra yfirvalda af því.“**

## Þú spillta veröld

Við híum á Bandaríkin með sitt meingallaða kosningakerfi. Bandaríkin eru svo rugluð. Frambjóðandinn sem fékk færri atkvæði á landsvísu verður forseti. Reglurnar hér á Íslandi eru miklu réttlátari. Hér kýs fólk milli tólf bókstafa, D, B, S, V, A, P, C, T, R, E, F og H og fylgist svo með fréttum af mönnum í jakkafötum og konum í Spaksmannsspjarahönnunardressum ganga inn og út af fundum og segja að hlutir gangi ágætlega. Á tímabili leit út fyrir vinstri stjórn með blaktandi sjóræningjafána en hægri stjórn leidd af ættarlaukum valdamikillar íslenskrar borgaraættar er allt eins líkleg. Gagnvart kjósendum er þetta í raun happdrætti. Það eru hvergi skýrar reglur um hvernig þetta eigi að vera. Skráðar og nákvæmar reglur um stjórnskipan eru bara fyrir heimskar þjóðir eins og Bandaríkin. Hver þarf til dæmis skýrar reglur um valdheimildir forseta þegar við getum bara kosið forseta sem hefur verið ráðgjafi fjölmiðla og almennings um túlkun stjórnarskrárinnar? Á Íslandi ganga menn í öll störf. Það er alþýðlegra kerfi, ef það er þá kerfi.

Ég er ekki að agnúast út í Ísland. Kannski virka kerfi ekki lengur hvort sem er. Það eina sem virkar í dag er dulmagn og að vera smurður þykkari olíu en andstæðingurinn. Donald Trump verður forseti Bandaríkjanna þrátt fyrir að vera kynþátta- og kvenhatari samkvæmt flestum kerfislægum mælikvörðum. Vladímír Pútín er með sterkari stöðu en nokkru sinni fyrr þó að hendur hans hafi verið á kafi í kökukrúsinni í Panamaskjölunum. Meira að segja Assad Sýrlandsforseti er talinn hafa styrkt stöðu sína frá því sem áður var. Svo má ekki gleyma að Bjarni Benediktsson tók sinn gagnalekaskandal á cruise control, enda öllu vanur, og bauð upp á Panama-twist með viðkomu í Lúxemborg og á Seychelles-eyjum undan ströndum Afríku, en virðist koma nokkuð óskaddaður frá þeirri sjóferð. Ég vona að Bjarni fyrirgefi að hann sé nefndur í sömu andrá og þessir hundingjar heimspólitíkurinnar, því það er ekki hundseðlið sem spyrðir þá saman heldur eðli kattarins enda virðast þessir menn alltaf lenda á löppunum.

Kannski var 2016 árið sem menn lentu á löppunum. Kannski var það efst í huga brúneggjabóndans þegar hann fór í viðtal hjá Kastljósi til að tala um aðbúnað í hænsnahúsum sínum. Kannski lenti hann á löppunum eftir allt saman. Það er allavega ljóst að milljón brúnegg verða ekki afspæld af pönnum hinna rétthugsandi og gróðinn er orðinn að Landcruiser-sæti undir sælar og ljósbrúnar rasskinnar eggjabóndans. Bóndinn upplifði þetta allavega allt sem frávik og 2016 er árið sem við lærðum að maður deilir ekki um upplifun fólks. Mér er full alvara. Sigmundur Davíð er til dæmis að upplifa einelti af hálfu RÚV. Þorri almennings upplifir það öðruvísi. Það var upplifun kjósenda í Bretlandi að vera landsins í Evrópusambandinu hafi kostað skattgreiðendur þar í landi 350 milljónir punda vikulega. Sú upplifun var ekki í takt við staðreyndir en það skipti engu máli. Á endanum vinnur sú upplifun sem er vinsælust.

Þið gætuð sagt að þetta sé geðveiki og kannski er það nærri lagi. Kannski var 2016 ár geðveikinnar og kannski er einmitt allt í lagi að segja það hreint út því það á ekki að vera tabú að tala um geðveiki. Reyndar er enginn skortur á geðveikistali á Íslandi. Vinsælasta áhersluorð tungumálsins er geggjað sem virðist hafa tekið við af orðinu sturlað og svo er geðveikt alltaf klassískt. Íslendingar eiga í sérstöku sambandi við geðveiki. Við áttum í fyrsta sinn almennilegt fótboltalandslið vegna þess að sænski þjálfarinn ákvað að beita leikskipulagi í stað þess að „taka bara geðveikina á þetta“. En samt er eins og við viljum ekki missa geðveikina alveg úr jöfnunni og íþróttalýsandinn Gummi Ben tók þann slag og öskraði sig í gegnum alla leikina þannig að það vakti heimsathygli, og á einhvern klikkaðan hátt þótti mér næstum meira vænt um þá athygli en þá sem hlaust vegna yfirvegaðrar spilamennsku leikmannanna. Athyglin á Gumma Ben var nefnilega afar heiðarleg athygli. Hún var ásókn í að heyra rödd manns í geðshræringu öskra eins hátt og hann getur. Í ráðvilltum heimi er fólk gjarnt á að leita á náðir slíks.

## Aldrei vekja mig af þessum draumi

Það er erfitt að sjá hver ræður förinni. Eru það Bandaríkjamenn eða Rússar? Hver er að styðja hvern í Sýrlandi og hvers vegna? Er Beyoncé andlegur leiðtogi heimsbyggðarinnar eða ræður páfinn enn þá einhverju? Við erum öll soldið ráðvillt. Líka gáfuðu prófessorarnir í MIT og siðfræðingarnir á Aragötunni. Það er býsna óþægileg staða. Það skapar óeirð.

Sjálfan langar mig allt í einu að heimsækja Biysk í Síberíu. Bara af því bara. Ég vil ganga um göturnar og heimsækja pylsuvagn staðarins. Logga mig inn á wifi á kaffihúsi og taka mynd af mér og setja hana á Instagram og raðmerkja hana #random #random #random. Kannski rekst ég á Vladímír M. Fomenko og drekk einn monsterorkudrykk með honum.

Mig langar nefnilega að gera eitthvað í takt við allt sem ég sé og les. Mig langar að gera eitthvað tilviljunarkennt og tilgangslaust. Í heimi þar sem hver einasta máltíð hefur djúpan tilgang er eitthvað svo óþægilegt að heimurinn í heild sé svona stefnulaus. Biysk í Síberíu. Það er staðurinn sem mun ljá heimsmynd minni merkingu. Það mun gera mig öðruvísi og líf mitt spennandi. Mig langar í dulmagn því kannski er það óðum að klárast á Íslandi.

2016 var ár sem Ísland drakk ansi stóran sopa af kaleiknum. Það var ígildi margra ára. Það þarf samt ekkert að vera slæmt. Kannski var þetta gelgjuskeið. Tímabilið sem landið uppgötvaði sjálft sig og stöðu sína í heiminum. Gelgjuskeið eru ágæt. Sjálfur óx ég um 13 cm á árinu 1997. Ég passaði hreinlega ekki í sömu föt í lok árs og þegar það hófst. Ég held að það eigi líka við nú. Og það er kannski ástæðan fyrir því að hér ríkir enn stjórnarkreppa. Fötin passa ekki lengur. Sjálfur veit ég ekkert. Ég veit ekki hver ræður meira á Íslandi. Vladímír M. Fomenko eða Katrín Jakobsdóttir. Ég er samt ekki fullur vonleysis. Ég er bara býsna ánægður að fá að lifa spennandi tíma. Ykkur lesendum óska ég alls hins besta og hlakka til að halda áfram að greina heiminn með ykkur á nýju ári.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gleðilegt nýtt ár

Þökkum fyrir viðskiptin á árinu
sem er að líða.

**Starfsfólk Bónus**



LÁGT VERÐ
ALLA DAGA

BÓNUS

OPIÐ Í DAG
10-15
OPNUM AFTUR Á NÝJU ÁRI
2. JAN. MÁNUDAGUR 11-18:30

# Myndagáta Fréttablaðsins 2016




**SKILAFRESTUR TIL 12. JANÚAR**

Í myndagátu Fréttablaðsins er ekki gerður greinarmunur á i og y og ekki á grönnum og breiðum sérhljóða frekar en vani er í slíkum gátum. Lausnum skal skilað í afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, eða á netfangið myndagata@frettabladid.is. Dregið verður úr réttum lausnum og í vinning er 10.000 króna gjafakort. ***Lausnum skal skilað í síðasta lagi 12. janúar 2017.***


Við horfum björtum augum til framtíðar,
þökkum samfylgdina á liðnum árum og óskum
landsmönnum öllum gleðilegs árs.
ÖSSUR®
LIFE WITHOUT LIMITATIONS




**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is




Frá árinu 1921 hefur rafmagnið frá okkur hitað súpuna, ofnsteikt kalkúninn, látið sósuna krauma hæfilega, þvegið upp leirtauið, kælt kampavínið, komið áramótaskaupinu til skila og jafnvel hækkað aðeins í græjunum eftir því sem líður á nýársnóttina.

Óskum landsmönnum öllum notalegra áramóta og gleði á komandi ári.

on

ORKA NÁTTÚRUNNAR



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Markús E. Jensen**

lést að morgni jóladags. Jarðarför hans verður gerð frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 5. janúar kl. 15.00.

**Magdalena Kjartansdóttir**
**Elín Metta Jensen**
**Katrín Þórarinsdóttir** **Aron Freyr Lúðvíksson**
**Stefán Þórarinsson** **Berglind Bergmann**
**og barnabörn.**



✝

Elsku bróðir okkar, mágur og frændi,

**Eiríkur Jónsson**

Réttarholtsvegi 83,
Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 13. desember og útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Elísabet Jónsdóttir** **Guðmundur Ingi Guðmundsson**
**Ingibjörg Jónsdóttir** **Hilmar Helgason**
**Jensína Jónsdóttir**
**Brynja Baldursdóttir**
**og frændsystkini.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Ágústsdóttir**

Herjólfsgötu 36, Hafnarfirði,

lést 26. desember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 2. janúar kl. 15.00.

**Hörður Líndal Árnason**
**Jóna Birna Harðardóttir** **Þorlákur Oddsson**
**Júlíana Harðardóttir** **Jón Þorkell Jakobsson**
**Ágúst Harðarson**
**og ömmubörn.**



✝

Minn besti vinur og ástkær
eiginmaður, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jónas Þórarinsson**

Kirkjuvegi 1, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 22. desember sl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 4. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarreikning D-deildar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja: 0142-15-382971/511297-2819.

**Þórunn Axelsdóttir**
**Magnús Rúnar Jónasson** **Ágústa Ásgeirsdóttir**
**Þórarinn Sveinn Jónasson** **Rut Jónsdóttir**
**Jónas Þór Jónasson** **Særún Rúnarsdóttir**
**Sveinn Ólafur Jónasson** **Herborg Hjálmarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing — Við andlát ástvinar

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441
ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór Kristján Kristjánsson**

Daddi í Felli,
vélstjóri, Skipastíg 12, Grindavík,

lést 27. desember á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Jarðarförin fer fram 7. janúar kl. 13.00 frá Grindavíkurkirkju.

**Guðný Guðjónsdóttir**
**Kristján V. Halldórsson** **Elísabet Egilsdóttir**
**Kári Halldórsson**
**Guðjón J. Halldórsson** **Karin Mattsson**
**Sigríður K. Halldórsdóttir**
**Kristjana Halldórsdóttir** **Sigurgeir Þ. Bjarnason**
**Sigurjón G. Halldórsson** **Þórkatla Ragnarsdóttir**
**Anna Á. Halldórsdóttir** **Helgi Kristjánsson**
**Vilmundur R. Halldórsson** **Laeila J. Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ólöf Steingrímsdóttir**

Hringbraut 50 (Grund),

lést á heimili sínu að Grund 23. desember. Hún verður jarðsungin frá Grensáskirkju þriðjudaginn 3. jan. kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Grundar.

**Kristinn Sigurjónsson** **Bryndís Sveinsdóttir**
**Sveinn Geir Sigurjónsson** **Salóme Friðgeirsdóttir**
**Steingrímur Sigurjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku móðir okkar,
amma og langamma,

**Svafa Kjartansdóttir**

frá Fremri-Langey,
Ljósheimum 10, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 29. desember.

**Gretar Reynisson, Rúnar Reynisson, Erla Reynisdóttir, Dagur, Hringur, Silfá, Magnús Reynir, Laufey Svafa, Kjartan Hugi og langömmubörn.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Rögnvaldur Geir Sigurðsson**

Sefgörðum 24, Seltjarnarnesi,

andaðist fimmtudaginn 15. desember. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna, frá Seltjarnarneskirkju 28. desember. Bestu þakkir fyrir auðsýnda samúð.

**Karen Rögnvaldsdóttir** **Ragnar Karlsson**
**Svandís Rögnvaldsdóttir** **Guðmundur B. Hannah**
**Íris Rögnvaldsdóttir** **Hilmir B. Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, amma,
langamma og langalangamma,

**Sigríður Sigurbjörg Þórhallsdóttir**

frá Stöpum, síðast til heimilis að
Brekku, Hvammstanga,

lést á sjúkrahúsinu Hvammstanga þann 25. des. síðastliðinn. Jarðarförin fer fram þann 6. janúar kl. 14.00 frá Hvammstangakirkju. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hollvinasamtök HVE, Hvammstanga.

**Þór Arason** **Fjóla Jónsdóttir**
**Eiríkur Arason** **Arnbjörg Pálsdóttir**
**Baldur Arason** **Berglind Magnúsdóttir**
**Sveina G. Ragnarsdóttir**
**Guðmundur Arason** **Kristrún J. Jónsdóttir**
**Ari Arason**
**Þórdís Aradóttir** **Ingólfur Magnússon**
**og fjölskyldur.**



✝

Innilegar þakkir fyrir hlýhug
og hluttekningu vegna andláts
og útfarar okkar ástkæru

**Svölu Guðmundsdóttur.**

**Leifur Ragnarsson**
**Íris Lana Birgisdóttir**
**Birgir Leifur Irving**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Benedikt Eiríksson**

vélstjóri,

sem lést 22. desember verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn 5. janúar kl. 13.00.

**Guðrún K. Benediktsdóttir** **Russell S. Donnelly**
**Pétur Benediktsson** **Guðrún Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir minn og afi,

**Halldór Jónsson**

flugvirki, Dalbraut 14,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 26. desember. Jarðarförin fer fram í Áskirkju þriðjudaginn 10. janúar kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Jóhanna Björk Halldórsdóttir**
**Davíð Bjarki Jóhönnuson**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Alma Benedikta Andrésdóttir**

Furugerði 1,

lést á Vífilsstöðum þann 28. desember. Útför fer fram þann 2. janúar frá Dómkirkju Krists konungs kl. 15.00.

**Sveinn Freyr Rögnvaldsson**
**Elsa Sveinsdóttir** **Hreidar Eyfjörd**
**Auður Thorarensen**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**María K. Haraldsdóttir**

áður búsett í Bolungarvík,
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

lést sunnudaginn 18. desember. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 4. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á orgelsjóð Hólskirkju í Bolungarvík, reikning 0174-18-911908, kt. 630169-5269.

**Einar K. Guðfinnsson** **Sigrún J. Þórisdóttir**
**Haraldur Guðfinnsson** **Anna Rós Bergsdóttir**
**Guðrún Kristín Guðfinnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



# FANGAR

## HEFST Á NÝÁRSDAG Á RÚV

